Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Starfsáætlun

Starfsáætlun

Skarðshlíðarskóla

IV.kafli



Skólaárið 2026- 2027

Ágúst 2026

Starfsáætlun Skarðshlíðarskóla.
Útgefin 2026.
Starfsáætlun er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla, bæði í heild sinni og ýmsir þættir sérstaklega eftir því sem við á.

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.
Ábyrgð: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri Skarðshlíðarskóla.

Útgefandi: Skarðshlíðarskóli/Hafnarfjarðarkaupstaður.
Hádegisskarð 1
221 Hafnarfjörður

netfang: skardshlidarskoli@skardshlidarskoli.is
veffang: http://www.skardshlidarskoli.is

Efnisyfirlit

IV. hluti: Áætlanir 4
80. Forvarnaáætlun 6
81. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun 12
83. Mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun 18
Viðauki 40
84. Móttökuáætlun 41
85. Náms- og kennsluáætlanir 52
86. Tilfærsluáætlun 53

IV. hluti: Áætlanir

Áætlanakynning

Hafa ber í huga að áætlanir í skólastarfi eru margar, margvíslegar að inntaki og jafnvel ólíkar í uppbyggingu. Allar áætlanir grunnskóla byggja á opinberu regluverki til almennra, opinberra stofnana en einnig eiga sumar þeirra við grunnskóla sérstaklega eða eingöngu (sbr. lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla á hverjum tíma). Oft eru óljós skil milli mismunandi áætlana sem kröfur eru gerðar, þ.e. hver er raunverulegur fjöldi áætlana og hvað tilheyrir einni ákveðinni áætlun umfram einhverja aðra. Eða hvort ein „áætlun“ geti verið „innifalin“ í annarri. Utan áætlana er þá ferlar sem skólinn vinnur eftir og er þá vísað í þá eftir atvikum, jafnvel krækt í þá ef þeir eru opinberir á vefjum skólans.

Í starfsáætlun fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar eru skilgreindar níu tegundir „áætlana“ sem eiga að mynda eina heild út frá kröfum regluverksins til grunnskólanna (en undir þeim eru þá ólíkir og mismargir verkferlar sem eiga við einstakar áætlanir). Að hafa allar „áætlanir“ í einu plaggi, starfsáætlun grunnskóla, frekar en tveimur er niðurstaðna langra samræðna í skólaumhverfinu í Hafnarfirði. Sá áætlanafjöldi, sem á að uppfylla viðmið um kröfur í aðalnámskrá grunnskóla (2011, 2013) um þær „áætlanir skóla“ sem skulu vera annað hvort hluti skólanámskrár eða starfsáætlunar þar sem „hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti.“ (bls. 65). Hafnfirska ákvörðunin er að birta allar „áætlanir“ í starfsáætlun (aðrar en „náms-/kennsluáætlanir“ sem eru þá hluti skólanámskrár eða tengjast henni) víkur þannig frá skipulagi aðalnámskrár þótt innihaldið sjálft eigi að vera í samræmi við kröfur hennar, þ.e. tilfærsla er á áætlunum milli skólanámskrár og starfsáætlunar sem gerður er í hagnýtum tilgangi frekar en af öðrum ástæðum.

Það er því vandséð hvernig einstaka áætlanir skuli „líta út“ eða hvaða atriði þær skuli „innibera“ eins og verkferla margs konar sem þeim tengjast. Þannig er ekki til neitt snið eða form að einstaka áætlunum eða samspili milli þeirra. Þær áætlanir sem hér líta því dagsins ljós áfram

Í skólanum leggur starfsfólk sig fram um að nám og kennsla skili árangri og til að styðja við það vinnur skólinn ýmsar áætlanir til að stuðla að því. Það er hafnfirsk ákvörðun að allar áætlanir sem skulu vera hluti af grunnskólastarfi (skv. aðalnámskrá grunnskóla, 2011) séu í starfsáætlun í stað þess að dreifa þeim ýmist á skólanámskrá eða starfsáætlun. Tilgangur þess er að auðvelda yfirsýn yfir áætlanagerðina annars vegar og hins vegar að afmarka skólanámskrána með áherslu á námsþætti skólastarfsins en starfsáætlunina á skipulag, umgjörð og almenna upplýsingamiðlun.

Áætlanir (viðkomandi skólaárs):

80. Forvarnaáætlun
81. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun
82. Náms- og kennsluáætlanir (kynning)
83. Mats-, símenntunar-, umbóta- og þróunaráætlun
84. Móttökuáætlun
85. Tilfærsluáætlun (kynning)

Hlutverk umræddra áætlana er margþætt óháð inntaki einstakra áætlana:

a. Að styðja við nám og kennslu nemenda svo velferð þeirra verði að leiðarljósi í öllu skólastarfinu.
b. Að sjá til að lög og reglugerðir um grunnskólastarfi verði framfylgt til að stuðla að gæðum skólastarfsins.
c. Að hjálpa starfsfólki skólanna að vinna skipulega að ýmsum fagmálum í skólunum.

Umræddar áætlanir sem eiga að vera í starfsáætlun eru kynntar hér nánar á næstu síðum.

80. Forvarnaáætlun

Forvarnir gegn ofbeldi og um vímuvarnir, sjálfsrækt, lýðheilsu og öryggisvarnir í skólastarfi.

Markmið forvarna í skólastarfi snúa að nemendum skólans í þeim tilgangi að skólastarfið skal miða að því að vinna að velferð nemenda (og vinna þannig gegn harmi eða skaða sem þeir geta orðið fyrir og styðja þá þegar áföll verða).

Þessi forvarnaáætlun gildir fyrir alla nemendur skólans. Ýmsar áætlanir til forvarna í skólastarfi er hluti skyldna skóla til að vinna að velferð nemenda kveðið í Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 64) sem byggja á lögum um grunnskóla (2008) með vísan í margar greinar laganna (t.d. greinar 2, 13, 14, 20 og 24). Í Hafnarfirði eru umræddar áætlanir settar saman í eina áætlun og hefur hún augljósa tengingu við grunnþætti menntunar sem hluti megináherslu í Aðalnámskrá grunnskóla um hlutverk skóla um að sinna heilbrigði og velferð allra nemenda skólans í viðtækum skilningi.

Skólanámskráin kynnir víða forvarnir og fræðslu um þær, meðal annars í tengslum við stefnu skólans um grunnþætti menntunar, áherslur grunnþáttanna í einstaka árgöngum og loks í kennslu einstakra námsgreina. Forvarnir eru samþættir skólastarfinu á margvíslegan hátt sem ekki er hægt að gera grein fyrir aðeins í þessari áætlun því fræðsla sem snýr að forvörnum er einnig hluti skólanámskrár og fjölmargra námsgreina, og reyndar allra sem hluti grunnþátta menntunar í nýrri aðalnámskrá grunnskóla. En á næstu síðum þessarar forvarnaáætlunar eru kynntar forvarnaráherslur og helstu forgangsverkefnum á sviði forvarna í skólanum.

Öll verkefni, liðin eða væntanleg, á sviði forvarna eru kynnt undir mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun.

Forvarnaáætlun er ein og ýmsar áætlanir sem geta talist undiráætlun hennar, s.s. eineltisáætlun, áfallaætlun, eru hér álitnar vera hluti forvarnaáætlunar og sé því dæmi um verklag og verkferla innan forvarnaáætlunar frekar en að vera sjálfstæðar áætlanir. Því er í forvarnaáætlun vísað til margvíslegra verkferla sem unnið er eftir undir formerkjum „áfallaáætlunar“. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur jafnframt lagt grunnskólum bæjarins til almennar verklagsreglur til að fást við forvarnir sem eru hluti forvarnaviðmiða sem nálgast má hér. Ef skólinn er með eigin verklagsreglur til viðbótar (t.d. gagnvart einelti, brunum o.fl.) er vísað til þess í þessari forvarnaáætlun.

Stefnumörkun/stefnumótun í forvörnum

Löggjafinn og ráðuneyti: Lög-reglugerðir-reglur	Áhersluþættir forvarna í stefnumörkun löggjafans (Alþingi) og framkvæmdavalds (ráðuneyti mennta- og menningarmála): ➢ Að forvarnir séu hluti kjarna skólastarfs. ➢ Að forvarnir eru hluti sex grunnþátta menntunar sem skuli móta allar náms-greinar og daglega kennslu. ➢ Að forvarnir miði að vellíðan nemenda og þróun lýðræðislegs samfélags. ➢ Að sérfræðiþjónusta sveitarfélags sé virk í málefnum forvarna. ➢ Að skólar móti sér stefnu í forvörnum og geri árlega forvarnaráætlun. ➢ Að skólar vinni sérstaklega gegn ofbeldi og vímuefnanotkun.
Menntastefna Hafnarfjarðar:	Menntastefna Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir: - Að forvarnir séu virkar í öllum skólum og meðal allra nemenda í árgöngum. - Að unnið sé að margvíslegum forvarnarverkefnum til að stuðla að velferð nemenda og vinna gegn persónulegum harmi nemenda, s.s. gegn vímuefnanotkun og mannréttindabrotum. - Að jákvæðum forvörnum sé sinnt sem styrkja og efla nemendur. - Að forvarnir séu unnar á margvíslegum sviðum og sem heildtækastar.
Mennta-og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar:	Stefnumörkun Mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar felur í sér: ✓ Að útbúin séu starfsviðmið forvarna fyrir alla grunnskóla bæjarins sem hafi að geyma gæðaviðmið um forvarnarferla í skólum. ✓ Að forvarnir skólakerfisins séu samhæfðar með góðri nýtingu bjarga. ✓ Að vinna að samráði við aðra forvarnaraðila. ✓ Að veita ráðgjöf og stuðning. ✓ Að hver skóli geri árlega forvarnaráætlun eftir forvarnarsniði sem Skóla-skrifstofan leggur til (þetta plagg).
Skóli:	Stefnumörkun skóla felur í sér: • Að sinna forvörnum í daglegu skólastarfi og með sérstökum aðgerðum sem vinna að vellíðan og heilbrigði nemenda á hverjum tíma.

Forvarnaáherslur skólans

	Fyrirbygging	Viðbrögð	Úrvinnsla	Mat
Almennt	Lögð áhersla á að fyrirbyggja vanda með skipulagi sem kemur sem mest í veg fyrir hann, og veita starfsfólki og nemendum fræðslu.	Taka á vanda þegar hann kemur upp og reyna að draga sem mest úr skaða.	Reynist vandi flókinn er sér-hæfðum leiðum beitt uns viðunandi árangri er náð.	Metinn árangur og þörf fyrir breytingar til að ná betri árangri.
Einstaklingur:				
- Lýðheilsa	Leitast við að skapa menningu um hollustu og heilbrigði.	Nemendur fræddir og ýmis verkefni sem styðja markmið	Unnið í sumum tilvikum með ákveðnum nemendahópum.	Metinn árangur og endurskilgreind markmið.
- Sjálfsrækt	Átt góð samskipti við nemendur og frætt um jákvæð lífsgildi.	Nemendur studdir þegar áföll dynja yfir (verkferlar áfalla-hjálpar undir stjórn áfallaráðs skóla)	Veittur sérhæfður stuðningur ef við á, félagslegur og/eða persónulegur vandi.	Verkferlar lagfærðir eftir því sem þörf er á.
- Vímuvarnir	Fræðsla um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna.	Unnið með vanda í hópnum í samráði við fjölskyldur.	Unnið með félags-málayfirvöldum með einstaka nemendur í vanda.	Gerðar reglulegar mælingar á stöðu /árangri.
Félagslegt umhverfi:				
- Ofbeldisvarnir:	Unnið að góðum skólabrag og skýr stefna gegn ofbeldi	Tekið á ofbeldi sem birtist og það stöðvað.	Unnið úr flóknum ofbeldismálum.	Metin þörf á frekari aðgerðum gegn ofbeldi.
➢ einelti	Fræðsla til nemenda og starfsfólks.	Eineltistilkynningar rannsakaðar og einelti stöðvað. Mikið samráð við heimili.	Unnið með vanda sem ekki tekst að leysa strax uns tekst að ná utan um hann.	Reglulegar mælingar á líðan nemenda og starfsfólks.
➢ kynferðislegt	Sérstök fræðsla fyrir starfsfólk í samstarfi við Barnaheill.	Tilkynningar senda til barnaverndar/ lög-reglu eftir atvikum.	Úrlausn máls á vegum barna-verndar/lögreglu eftir atvikum.	Metnar nauðsynlegar aðgerðir fyrir aukna fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur.

➢ mismunun	Almenn fræðsla sem tilheyrir skólanámskrá.	Tekið á samskipta-vanda.	Unnið með vanda sem ekki tekst að leysa strax uns tekst að ná utan um hann.	
➢ vanræksla	Almenn fræðsla til starfsmanna til að greina hugsanlega vanrækslu.	Vanrækslutilkynningar til nemendaverndar-ráðs og þaðan til barnaverndar.	Unnið af barna-vernd – meðan samstarfi við skóla eftir því sem við á.	
Náttúrulegt umhverfi:				
- Öryggisvarnir	Skipulag og öryggis stöðlum fylgt og regluleg yfirfarnir. Fræðsla margvísleg. Öryggisnefnd skóla.	Brugðist við og reynt að koma sem mest í veg fyrir skaða.		Metið hvort sérstök þörf sé að lagfæra eða breyta, skipulagi eða öryggisatriðum.

Fræðsluáherslur skólans eftir árgöngum

SVIÐ	**Einstaklingur**			**Félagslegt umhverfi**	**Náttúrulegt umhverfi**
BEKKIR	Lýðheilsa	Sjálfsrækt	Vímuvarnir	Ofbeldisvarnir	Öryggisvarnir
Nemendur á öllum aldursstigum	Lögð áhersla á heilsueflingu, heilsufræði ásamt geðheilbrigði.	Ýtt undir gagnrýna hugsun, hugrekki, frumkvæði, ábyrgð, jákvæð lífsgildi og sjálfsmynd nemenda.	Stuðlað að heilbrigðum lifnaðarháttum.	Unnið að góðum skólabrag og skýr stefna gegn ofbeldi. SMT reglur eru kenndar ásamt því að hver bekkur setur sér bekkjarreglur og heldur bekkjarfundi. Unnið er með hópefli og samvinnuleiki. Tengslakannanir eru lagðar fyrir að hausti og aftur eftir þörfum.	Brunaæfingar eru haldnar. Umferðarfræðsla í öllum árggum.

				Virkt eftirlit er á öllum svæðum skólans. Eineltisfræðsla og lífsleikniverkefni lögð fyrir.	
1. bekkur	Fræðsla um tannvernd, handþvott og hollustu.	Fræðsla um lífsgildi. Upplýsingagjöf um leiðir til sjálfsstjórnar og sjálfsstyrkingu.		Fræðsla um líkamann – kynferðisofbeldi.	Fræðsla um notkun hjólreiðahjálma. Nemendum kennd notkun neyðarnúmers 112.
2. bekkur	Fræðsla um svefn, hamingju og tilfinningar.	Upplýsingagjöf um leiðir til sjálfsstjórnar og sjálfsstyrkingu.		Krakkarnir í hverfinu, brúðuleikhús sem fræðir nemendur um ofbeldi gegn börnum.	Nemendum kennd notkun neyðarnúmers 112.
3. bekkur	Fræðsla um hollustu, hreyfingu.	Upplýsingagjöf um leiðir til sjálfsstjórnar og sjálfsstyrkingu.		Barnaheill – stuttmynd gegn kynferðisofbeldi.	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kemur í heimsókn og kynnir brunavarnir.
4. bekkur	Fræðsla um hamingju og sjálfsmynd.	Upplýsingagjöf um leiðir til sjálfsstjórnar og sjálfsstyrkingu. Fræðsla um lífsgildi.		Fræðsla um góð samskipti og gagnleg viðbrögð.	Fræðsla um slysavarnir.
5. bekkur	Fræðsla um Hollustu og hreyfingu	Fræðsla um netöryggi. Upplýsingagjöf um leiðir til sjálfsstjórnar og sjálfsstyrkingu.		Búa til góðan bekkjaranda og taka á samskiptavanda.	
6. bekkur	Fræðsla um kynþroska.	Fræðsla um netöryggi. Fræðsla um sjálfsmynd og sjálfsþekkingu.		„Stattu með þér“ – stuttmynd um ofbeldi, sjálfsvirðingu og að setja mörk.	

7. bekkur	Fræðsla um líkamsímynd og næringu.	Fræðsla um tímaskipulag og námsvenjur. Fræðsla um próf, prófkvíða og próftöku. Fyrirlestur um netnotkun.		Fræðsla um hugrekki og standast neikvæðan félagsþrýsting.	
8. bekkur	Fyrirlestur um mismunandi kynhneigð - Samtökin 78.	Fyrirlestur um netnotkun.	Fræðsla um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna. Tóbakslaus bekkur - sjá nánar á landlæknir.is. Fyrirlestur: Heilbrigður lífstíll – Jón Jónsson.	Fræðsla um mörk og samþykki – sjúk ást.	
9. bekkur	Fræðsla um kynheilbrigði.	Jákvætt viðhorf. Fræðsla um námsvenjur og námstækni.	Fræðsla um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna. Tóbakslaus bekkur, sjá nánar á landlæknir.is.	Fræðsla um mörk og samþykki – sjúk ást. Fáðu já - 20 mín stuttmynd mörk milli kynlífs og ofbeldis.	
10. bekkur	Fræðsla um kynheilbrigði.	Fræðsla um próf, prófkvíða og próftöku.	Fræðsla um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna. Tóbakslaus bekkur, sjá nánar á landlæknir.is.	Fræðsla um mörk og samþykki – sjúk ást.	

Nánari útfærsla á fræðslu sem snýr að forvörnum birtist svo í skólanámskrá skólans.

81. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Jafnréttisáætlun er áætlun skóla til að skilgreina og ákveða hver sé nauðsynleg áhersla hennar í jafnréttismálum á hverjum tíma, þ.e. stefna, staða með matsþætti, og loks áætlun um aðgerðir, fyrir starfsmenn hennar í heild sinni og/eða einstakra hópa sem hún þjónar. Jafnréttisáætlun er unnin á grundvelli laga um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna, nr. 10/2008, eins og segir í 18. grein, 2. mgr:

> **18. gr.** ***Vinnumarkaður***.
> Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Umrædd atriði sem vísað er í lögunum sem áætlunin skal taka til eru:

> **19. gr.** ***Launajafnrétti*.**
> Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
> Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.
> Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.
> **20. gr.** ***Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun*.**
> Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.
> Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.
> **21. gr.** ***Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs*.**
> Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.
> **22. gr.** ***Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni*.**
> Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Í sömu lögum er kveðið á um sérstakt hlutverk leik- og grunnskóla varðandi jafnrétti, grein 23, mlsgr. 1-4, um fræðsluhlutverk þeirra:

> **23. gr.** *Menntun og skólastarf.*
> Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótta- og tómstundastarfi.
> Í öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
> Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.
> Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Meginmarkmið jafnréttisáætlana hjá skólum eru þrenns konar:

A. Fyrir allar stofnanir að vinna að jafnrétti í starfsemi sveitarfélags og stjórnsýslu hennar í samræmi við lög, samninga og almenna mannréttindasáttmála.
B. Fyrir skóla sérstaklega að byggja upp starfshætti og sinna fræðslu um jafnrétti kynjanna til nemenda sinna í samræmi við jafnréttislöggjöf á hverjum tíma.

C. Fyrir skóla að vinna að jafnréttismálefni í skóla stuðli að því að allir nemendur njóti mannréttinda (sérstaklega gegn hvers kyns ofbeldi) í skólastarfi í samræmi við lög um skólastarfið á hverjum tíma.

3.1. Stefnumörkun um jafnrétti og mannréttindi:

Hér er skilgreind stefnumörkun um jafnrétti, fast frá Hafnarfjarðarbæ og skilyrt frá stofnun.

Hafnarfjörður:	*Áhersluþættir stefnumótunar varðandi jafnrétti og jafnréttisáætlanir í stofnunum Hafnarfjarðarbæjar eru:* a. Sérstök jafnréttis- og mannréttindastefna er í gildi fyrir bæinn í heild sem er leiðbeinandi fyrir allt jafnréttisstarf í stofnunum bæjarins. Jafnréttis- og mannréttindastefna Hafnarfjarðar b. Við auglýsingar á störfum hjá bænum skal láta getið að þau standa opin bæði konum og körlum. c. Laun starfsmanna skulu vera jöfn eftir kynjum fyrir sömu störf eða jafnverðmæt störf. d. Ofbeldi er ekki liðið á starfsstöðvum Hafnarfjarðarbæjar og tekið skal á öllu ofbeldi með viðeigandi aðgerðum. e. Forstöðmaður hverrar stofnunar hjá bænum ber stjórnsýslulega ábyrgð á framkvæmd jafnréttisstefnu bæjarins í hans stofnun í samræmi við opinbert regluverk.
Mennta og lýðheilsusvið	*Áhersluþættir stefnumótunar varðandi jafnrétti og jafnréttisáætlanir innan fræðsluþjónustunnar eru:* f. Jöfn tækifæri séu til símenntunar og starfsþjálfunar eftir kynjum fyrir starfsfólk fræðsluþjónustunnar. g. Skólastarfsemi sé kynjagreind og tölvulegum upplýsingum um slíkt sé haldin opinber. h. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar vinnur að jafnréttisverkefnum sem bæði snúa að starfsfólki hennar sjálfrar og starfsfólki allra stofnana fræðsluþjónustunnar. i. Í starfsáætlun fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar skulu árlega vera skilgreind verkefni á sviði jafnréttismála til að sinna.
Skóli:	Áhersluþættir stefnumótunar skólans varðandi jafnrétti eru: a) Að ráða starfsfólk til starfa á grundvelli jafnréttislaga. b) Að mismuna ekki starfsfólki skóla eftir kyni, uppruna, efnahag, tungumáli, trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð og aldri; með tilliti til gæða sem úthlutað er í skólastarfi. c) Að vinna gegn ofbeldi og að forvörnum á sviði jafnréttis. d) Að við ráðningu nýrra starfsmanna sé sérstaklega skimað gagnvart þáttum sem gætu bent til ofbeldishneigðar gagnvart börnum og barnagirndar (sbr. 11. grein laga um grunnskóla (2008)). e) Við gerð jafnréttisáætlana taki starfsfólk skóla virkan þátt í gerð þeirra og ábyrgð á fræðsluþætti þeirra í samræmi við lög. f) Jafnréttisáætlanir skóla skulu staðfestar í skólaráði líkt og aðrar áætlanir í starfsáætlun skóla..

3.2. Markmið

Hér er skilgreind stefnumörkun stofnunar um markmið jafnréttisverkefna innan hennar.

Meginmarkmið skóla:	Jafnréttisvinna í skólanum hefur að meginmarkmiði (til langs tíma): i. Að allir einstaklingar sem í skóla starfa njóti jafnréttis í daglegu skólastarfi. ii. Að nemendur og starfsfólk rækti með sér víðsýni, umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins. iii. Að jafnrétti nær til allra einstaklinga óháð kyni, uppruna, efnahag, tungumáli, trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð eða aldri. iv. Að jafnréttisfræðsla sé í gangi allan grunnskólann og birt í skólanámskrá.

v. Að námsefni og sérhver námsgögn mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra nemenda(hópa) að leiðarljósi.
vi. Að kennsluhættir taki mið af fjölmenningarsamfélagi og margbreytilegum nemendahópi.
vii. Að náms- og starfsfræðsla leggi áherslu á að kynna fyrir báðum kynjum störf sem gjarnan er litið á sem hefðbundin kvenna- og karlastörf.

Stefnumarkmið skóla og áherslur í framfylgd lagaákvæða um jafnrétti á vinnustöðum og skólum

Atriði og þættir í starfsemi skólans sem eiga að tryggja framfylgd eftirfarandi lagaákvæða, grein 19 til 23:

a. Starfsfólki er ekki mismunað í launum eftir kynjum.

b. Konum og körlum stendur jafnt til boða möguleg yfirvinna og aðrar sértekjur eftir því sem við á.

c. Laus störf í skólanum standa jafnt konum og körlum til boða.
d. Öll störf í skóla eru auglýst í samræmi við lög og reglur bæjarins.
e. Öll símenntun á vegum skóla stendur jafnt konum sem körlum til boða, í samræmi við verkefni innan skóla.

f. Allir starfsmenn, óháð kyni, geta sótt sér sí-/endurmenntun í samræmi við kjarasamninga og aðstæður skólanna.

g. Unnið er í samræmi við ákvæði kjarasamninga, s.s. um frítökurétt vegna veikinda barna
h. Kennarar hafa mögukeika á að vinna hluta vinnu sinnar (þ.e. utan vinnutímaramma) eftir eigin hentugleika og fjölskylduaðstæðum.

i. Stefna skóla og regla er að allir starfsmenn, nemar í starfsþjálfun og nemendur skóla skulu vera verndaðir gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni og að sérhver sem það brýtur gagnvart þeim sæta ábyrgð um slík brot.
j. Starfsmenn skóla eru skuldbundnir að tilkynna kynferðislega/kynbundna áreitni, sem þeir verða varir við í starfi, hvort sem það er gagnvart samstarfsaðilum eða börnum, til yfirmanns.
k. Allar tilkynningar um ofbeldi eru rannsakaðar í samræmi við lög.
l. Allar tilkynningar um ofbeldi gegn nemendum eru tilkynntar til barnaverndar Hafnarfjarðar.
m. Starfsfólk skóla er frætt um viðbrögð gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
n. Standi starfsmaður að ofbeldi, þ.m.t. kynbundnu eða kynferðislegu áreitni, fær áminningu og/eða brottrekstur í samræmi við starfshætti opinberrar stjórnsýslu.
o. Í öllu skólastarfi er miðað við það að starfsumhverfið sé þannig að tækifæri til áreitni séu takmörkuð og unnið sé þannig gegn kjöraðstæðum til áreitni svo áhætta sé í lágmarki.
p. Við ráðningaferli í skólann er skimað gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, sóttur upplýsingar í sakaskrá og eftirfylgni í kjölfar ráðninga.
q. Hver nýr starfsmaður fái fræðslu um forvarnir kynbundinnar/kynferðislegrar áreitni á hverju skólaári þar sem kynnt er stefna og áherslur skólans og Hafnarfjarðarbæjar um viðbrögð gegn áreitni.

r. Námsefni sem notað er í skólastarfinu mismuni ekki kynjum, þ.e. súni ekki kynbundnar staðalmyndir sem ætla kynjunum ólík hlutverk í lífi og starfi (nema sem sýnikennsla um mismunun).
s. Námsráðgjöf stendur öllum nemendum jafnt til boða.
t. Öll kynning/fræðsla á náms- og starfsvali í skólanum miðar að því að brjóta upp hefðbundnar staðalmyndir kynjanna sem skilgreina störf sem karla- eða kvennastörf.

u. Jafnréttisfræðsla er skilgreind sem sérstök námsgrein í skólanámskrá skólans (jafnrétti og lífsleikni) með sérstökum námsverkefnum í gengum allan grunnskólann (í samræmi við aðalnámskrá).
v. Allir starfsmenn skólans eru skyldugir að vinna í samræmi við jafnréttislög og í daglegur starfi vera fyrirmynd nemenda hvað jafnrétti varðar.

3.3. Staða og mat – verkefnastaða frá liðnu starfsári

Unnið var samkvæmt starfsmarkmiðum skóla um jafnrétti á vinnustöðum eins og þau eru skilgreind í jafnréttisáætlun.

4. Aðgerðaáætlun jafnréttis

Hér skulu tilgreind öll jafnréttisverkefni sem stofnun/skóli stefnir að á viðkomandi starfsári, hvort sem það snýr að stjórnsýslu, daglegum samskiptum starfsmanna eða fræðslustarfsemi fyrir starfsmenn (A-hluti) en ef um skólastofnun er að ræða þá bætast sömuleiðis við jafnréttisskyldur sem snúa að uppfræðslu nemenda og starfshætti skóla til jafnréttis í samskiptum við nemendur og nemenda innbyrðis (B-hluti).

Varðandi fjármögnun einstakra verkefna er slíkt verkefni á borði hvers stjórnanda. Skyldur til að sinna jafnréttisverkefnum eru óháð sérstökum fjárveitingum og því hluti starfsskyldna þeirra. Sé einstök jafnréttisverkefni það ítarleg að þau krefjist sérstakra fjármuna er aðeins farið í þau að stofnun/skóla takist að útvega fjármagn í þau sjálfur, t.d. úr (skóla)þróunarsjóðum (Sprotasjóður), sjóðum ESB og EFTA eða öðrum sjóðum sem íslenskir skólar hafa aðgang að.

Verkefnaskrá – áætlun um jafnréttisverkefni lýst á einfaldan og skýran hátt

A HLUTI – ALLAR STOFNANIR
Almenn jafnréttisverkefni í samræmi við opinberar skyldur

i: *Verkefni sem falla undir 19. grein jafnréttislaga*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Árleg greining á launum starfsmanna með áherslu á jafnan rétt kynjanna. Leiðrétta óútskýrðan launamun komi hann fram.	Skólastjóri ásamt launafulltrúa bæjarins.	Lokið í október ár hvert

ii: *Verkefni sem falla undir 20. grein jafnréttislaga*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
• **Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.**	Skólastjórnendur og bæjaryfirvöld sameinast um að gæta jafnréttis við ráðningu í laus störf innan skólans.	Skólastjóri /stjórnendur	Við ráðningar í stöður innan skólans

• **Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.** • **Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.** • **Efla kynjafræðiþekkingu starfsfólks.**	Gæta þess að hvetja bæði kyn til að sækja um stöður sem losna innan skólans. Skólastjórnendur hvetja starfsfólk til að sækja sér endurmenntun. Skólastjórnendur hvetja starfsfólk til að sækja sér endurmenntunar og bjóða upp á fræðslu innan skólans	Fræðslu- og frístundasvið	Farið er yfir endurmenntun starfsmanna í starfsmannasamtölum ár hvert. Fræðsla frá Samtökum 78

iii: *Verkefni sem falla undir 21. grein jafnréttislaga*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	Kynna stefnu skólans hvað varðar samhæfingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Vinnutíma, réttindi og skyldur gagnvart vinnustaðnum.	Skólastjóri	Í upphafi hvers skólaárs.

i: *Verkefni sem falla undir 22. grein jafnréttislaga*

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Fræðsla um einelti og kynferðislegt áreiti og kynna vinnureglur um hvernig skuli bregðast við ef slíkt kemur upp.	Skólastjóri eineltisteymi	Ár hvert í starfsmannakönnun er gerð athugun auk fræðslu annað hvert ár til starfsmanna og ef upp kemur mál þá er unnið með það hverju sinni.

B HLUTI – SKÓLASTOFNANIR SÉRSTAKLEGA

Verkefni á sviði jafnréttisuppeldis í samræmi við hlutverk skóla

Gert er ráð fyrir að framkvæmd fræðsluverkefna gagnvart nemendum sem snúa að jafnrétti séu útfærð í skólanámskrá hverju sinni (í viðeigandi árgöngum og eftir því sem við á, sérstaklega þegar áherslur eru ólíkar eftir árgöngum) þótt í meginatriðum eigi að skýra frá sérstökum verkefnum skólans hér (tímabundnar áherslur um áherslur sem skulu ganga gegnum allan skólann). Jafnréttisfræðsla skv. aðalnámskrá leik- og grunnskóla skal útfærast í skólanámskrá hvers skóla. Fræðsluverkefni sem snúa að starfsfólki skóla eru tilnefnd í símenntunaráætlun skólans.

Verkefni sem falla undir 23. Grein jafnréttislaga.

Markmið (Hvað?)	**Aðgerð** (Hvernig?)	**Ábyrgð** (Hver?)	**Tímarammi** (Hvenær?)
• **Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál.** • **Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.** • **Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.** • **Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fái strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.** • **Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu**	*Allt starfsfólk skólans sé meðvitað um að fræða nemendur um jafnan rétt fólks.* *Fræðsla um mannréttindi. Hver árgangur skilgreini og kynni hvernig nálgast eigi viðfangsefnið á skólaárinu.* *Kennarar skilgreina áætlanir í skólanámskrá þar sem tilgreint er hvaða jafnréttismarkmiðum er unnið að í hverjum árgangi* *Kennsluaðferðir og námsgögn verði skoðuð út frá sjónarmiðið almennra mannréttinda.* *Bekkjarfundir þar sem allir fá tækifæri til að tjá sig.* *Könnun á líðan lögð fyrir nemendur og bregðast við ef finnst marktækur munum á líðan kynjanna.* *Náms- og starfsfræðsla skal vera til staðar í öllum árgöngum og áhersla lögð á að búa þá undir jafna þátttöku í fjölskyldu- og atvinnulífi.*	*Kennarar* *Kennarar ásamt námsráðgjöfum* *kennarar* *kennarar* *skólastjórnendur* *námsráðgjafar* *kennarar*	*Starfsár skólans.*

83. Mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun

Form fyrir mats-, símenntunar, umbóta- og þróunaráætlun fyrir grunnskóla í Hafnarfirði er unnið á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla (2011) um verkefni skóla og eru meðal annars þessi:

- Símenntun starfsmanna getur verið aflvaki slíkrar þekkingar sem á rætur í fræðilegri framvindu og rannsóknum. Stefna skóla og símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við umbótaáætlanir og styðja við þær (64).
- Í skólanámskrá skal gera grein fyrir áherslum og áætlunum um innra mat (bls. 61).
- Skólanefnd skal í umboði sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að skólastarf í grunnskólum samræmist grunnskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá grunnskóla. Þetta á bæði við um þá skóla sem reknir eru af sveitarfélaginu og þá sem reknir eru af öðrum aðilum. Skólanefnd ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers skóla. Við matið má styðjast við margs konar upplýsingar. Þar má t.d. benda á upplýsingar um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólastefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á. (bls. 61)
- Samstarf og samhæfing eru lykilatriði í farsælu þróunarstarfi á sviði skólamála. Yfirvöld menntamála, sveitarstjórnir, sérfræðiþjónusta, skólastjórnendur og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að skólastarf sé í stöðugri endurskoðun og umbótaviðleitni einkenni störf þeirra sem þar deila ábyrgð. Skólaþróun er skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta í skólum. Öll skólaþróun hefur hag barna að leiðarljósi. (bls. 63)
- Innra mati skóla er ætlað að stuðla að umbótum. Innra mat dregur fram styrkleika og veikleika og á þeim grunni er unnt að forgangsraða þeim verkefnum sem brýnt er að unnið sé að. Niðurstöður innra mats geta einnig verið hvati að þróunarstarfi í skólum. (bls. 64)
- Ný þekking er önnur uppspretta þróunarstafs. Símenntun starfsmanna getur verið aflvaki slíkrar þekkingar sem á rætur í fræðilegri framvindu og rannsóknum. Stefna skóla og símenntunaráætlanir fyrir skólann í heild eða einstaka starfsmenn þurfa að vera í samræmi við umbótaáætlanir og styðja við þær. (bls. 64)
- Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um... innra mat á árangri og gæðum, ... áætlanir um umbætur og þróunarstarf. (bls. 66)
- Í starfsáætlun skal m.a. birta upplýsingar um: ...símenntunaráætlun, ...viðfangsefni innra mats. (bls. 67)

Meginmarkmið mats-, símenntunar-, umbóta- og þróunaráætlun hjá grunnskólum Hafnarfjarðar er að vinna að því að bæta hæfni skóla/stofnana til að sinna verkefnum sínum í samræmi við opinbert regluverk (lög, reglugerðir, reglur og önnur fyrirmæli), styrkja staðbundið skipulag og vinna að góðri aðlögun stofnunar að stöðugt breyttum þjóðfélagsaðstæðum – eins og sérstaklega er kveðið á um í aðalnámskrá. Viðfangsefnið er að sinna stöðugri skólaþróun og fara fram með umbótaverkefni á grunni upplýsingasöfnunar um skólastarfið (innra mat). Í Hafnarfirði birtast aðrar áætlanir en áætlanir um nám og kennslu í starfsáætlun en ekki í skólanámskrá.

Það var niðurstaða langrar samræðu að sameina ætti og þyrfti mat innra skóla, símenntun, umbætur og þróunarstarf í eina áætlun sökum þess hve nátengd og samhæfð þessi viðfangsefni eru í skólastarfi.

Áætlunin skiptist í meginatriðum í þrjá hluta:

1. Markmið: Stefnumótun um símenntun, umbætur, þróunarstarf og innra mat yfir í ytra mat sveitarfélags.
2. Staða: Símenntun og innra mat fyrir síðasta skólaár.
3. Áætlun: Símenntunar- og þróunar-/umbótaverkefni í bígerð skólaárið 2026 til 2027.

1. Stefnumótun: mat, símenntun, umbóta-/þróunarstarf

1.1. Stefnumörkun um mat, símenntun, umbætur og þróunarstarf

Hafnarfjörður	*Áhersluþættir stefnumótunar varðandi mats-, símenntunar-,þróunar- og umbótaáætlun í stofnunum Hafnarfjarðarbæjar eru:* a) Að veita íbúum góða þjónustu og að nýbreytnistarf og umbætur verði mikilvæg verkefni í starfsemi þeirra til að bæta stöðugt þjónustuna við þá. b) Að símenntunaáætlun stofnunar er til að styðja við skyldur Hafnarfjarðarbæjar að sinna lögboðnum verkefnum sveitarfélaga og þróa þau. c) Að árleg símenntunaráætlanagerð er nauðsynleg í öllum stofnunum Hafnarfjarðarbæjar til að þær aðlagist stöðugt betur nýjum aðstæðum, kröfum og verkefnum. d) Að gerð árlegrar símenntunaráætlunar er vinnuregla hjá Hafnarfjarðarbæ til að styrkja mannauðsstjórnun í öllum stofnunum bæjarins.
Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar	*Áhersluþættir stefnumótunar varðandi mat, símenntun, þróunar- og umbótastarf innan fræðsluþjónustunnar eru:* e) Að skólaþróun sé stöðugt verkefni til umbóta sem starfsfólk skólanna ber ábyrgð á undir forystu skólastjóra og kynning þess fari fram í árlegri *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun*. f) Að mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun skóla innan fræðsluþjónustunnar taki mið af skólaárinu. g) Að Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar veiti sérstakan stuðning við eftirfylgni á *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun* skóla eftir þörfum hverju sinni. h) Að grunnskólar birti árlega *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun* í starfsáætlun sinni. i) Að *mats-, símenntunar-, þróunar- og umbótaáætlun* byggi á: stefnu/markmið > stöðu (símenntarstarf og innra matsskýrsla) >áætlun. j) Að tekið sé mið af lögum og aðalnámskrá grunnskóla í matsstarfi, símenntunar-, þróunar- og umbótastarfi þar sem verkefnið er nátengt „innra mati skóla.“ k) Að Skólaskrifstofan standi fyrir sameiginlegri upplýsingaöflun um skólastarfið (nú Skólapúlsinn í innra mati og Skólavog í ytra mati) til að styðja við mats, símenntunar-, þróunar- og umbótastarf skólanna. l) Að Skólaskrifstofan gefi skólanefnd bæjarins, nú fræðsluráði, reglulega upplýsingar um starfsemi einstakra skóla og þeirra saman. m) Að veiti Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar sérstakan stuðning við símenntun einstakra skóla skal það skráð í símenntunar- og skólaþróunaráætlun viðkomandi skólaár skólum að kostnaðarlausu. Sérstakur símenntunartími fyrir grunnskólakennara er á mánudögum frá kl. 14 til17 sem nýta má innan ramma kjarasamninga um símenntun þeirra ef fræðsla er ekki veitt á öðrum

föstum viðverutímum innan einstakra skóla. Sama á við um skólastjórnendur eftir hádegi á föstudögum.

Stefnumörkun um innra mat, símenntun, þróunar- og umbótastarf skóla, frh.:

Skólinn:

Áhersluþættir stefnumótunar skólans varðandi mats-, símenntun, þróunar- og umbótastarf eru:

a) Að stuðla að umbótum sem bæta skólastarfið og efla skólaþróun; nemendum, starfsmönnum og foreldrum til heilla.
b) Að gefa upplýsingar um hverju þarf að breyta og hvað má bæta til að ná þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér í stefnu sinni.
c) Að skilgreina forgangsverkefni og skipuleggja aðgerðir til að koma á nauðsynlegum umbótum.
d) Að byggja ávallt á traustum upplýsingum.
e) Að mats-, þróunar- og umbótastarf sé samofið daglegu skólastarfi.
f) Að mats-, þróunar- og umbótastarf sé samstarfsmiðað og byggt á lýðræðislegum vinnubrögðum með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra.

1.2 Markmið um innra mat, símenntun, umbætur og þróunarstarf

Meginmarkmið skóla:

Innra mat, þróunar- og umbótastarf í skólanum hefur að meginmarkmiði:

a. Að styðja við stefnu og áherslur Skarðshlíðarskóla í öllu skólastarfi þar sem stuðst er við einkunnarorð skólans samvinnu, vináttu og þrautseigju.
b. Að skólanámskrá og kennsluáætlanir Skarðshlíðarskóla endurspegli áherslur aðalnámskrár.
c. Að efla lestrarkennslu og lestaráhuga.
d. Að efla stærðfræðikennslu á miðstigi skólans
e. Að styrkja fagmennsku kennara með öflugri teymisvinnu.
f. Að stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum með aukinni þekkingu á mismunandi kennsluaðferðum.
g. Að stuðla að heilsueflingu nemenda og starfsmanna í gegnum verkefnið Mílan.
h. Að námsmat sé í takt við nýja aðalnámskrá og að kennslan sé út frá hæfniviðmiðum.
i. Innleiðing á K-pals og G -pals í 1. og 2. bekk í samvinnu við alla skóla í Hafnarfirði
j. Efla SMT hjá starfsfólki og fá alla til að vinna í takt
k. Að gera skólann aðlaðandi og hlýlegum vinnustað þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel.
l. Að stuðla að öflugri skólaþróun og skapa frjóa umræðu um starf skólans

Starfsmarkmið skóla:

Innra mat, þróunar- og umbótastarf í skólanum hefur eftirfarandi starfsmarkmið til næstu (3ja) ára:

a) Að nemendur verði fyrir ofan meðaltal í niðurstöðum skólapúlsins varðandi;

- Ánægju af lestri í 1. til 10.bekk
- Ánægju með skólann í 1. til 10. bekk
- Vellíðan nemenda í 1. til 10. bekk
- Efla þrautseigju nemenda í námi
- Auka leiðsagnarmat hjá kennurum
- Viðhalda trú nemenda á eigin námsgetu

b) Að einelti og áreiti verði sem minnst eða ekki fyrir ofan meðaltal í skólapúlsinum.
c) Að mat á læsi samkvæmt matsferli og LOGOS prófum verði nýtt til að bæta námsárangur og líðan nemenda.
d) Að viðhalda starfsánægju meðal starfmanna og vera fyrir ofan meðaltal í niðurstöðum úr Vinnustaðagreiningu og starfsmannakönnun Skólapúlsins.

1.3. Matsframkvæmd - innra mat

Áherslur í innra mati taka bæði mið af áherslum sveitarfélagsins og skólans. Matið, hvort sem það er innra mat eða ytra mat sveitarfélags, miðast að því að gefa raunhæfar upplýsingar um skólastarfið. Matsstarf er í eðli sínu rannsóknarstarf, þ.e. gagnaöflum með áreiðanlegum aðferðum til að tryggja sem mestan trúverðugleika fyrir ákvarðanatöku. Á grunni upplýsinga eru fundin nauðsynleg umbótaverkefni sem styðja við þróunarverkefni í skólanum. Í aðalnámskrá er gert ráð fyrir að skólar skilgreini áherslur í innra mati.

Skólum er frjálst að haga innra mati sínu á þann hátt sem best hentar því starfi sem á sér stað í skólanum. Innra matið byggir þó á ákveðnum grundvallarviðmiðum sem koma fram í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 36, reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum, nr. 658/2009, gr. 3 og aðalnámskrá grunnskóla (2011), bls. 20-21.

Viðmiðin eru að matið sé markmiðsbundið, byggi á traustum og fjölbreyttum upplýsingum, sé samstarfsmiðað og byggi á lýðræðislegum vinnubrögðum, opinbert og umbótamiðað.

Viðmið aðalnámskrár um innra mat er framfylgt með eftirfarandi leiðum:

Viðmið	Lýsing

Markmiðsbundið	Miðar að því að heildarumfang matsstarfsins sé unnið eftir ákveðnu skipulagi út frá ákveðnum markmiðum, sem bæði eru almenn og sértæk. Framsetning þessarar áætlunar er ætlað til að sýna fram á að svo sé.
Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	Gerist með gagnaöflun þar sem reynt er að tryggja að gögnin séu traust og fjölbreytt. Í kafla 1.5 er kynnt hvernig gagnasöfnun er háttað, þ.e. hvaða aðferðir/leiðir eru notaðar til mælinga. Í öðrum kafla eru niðurstöður mælinganna á síðasta skólaári í samhengi við markmiðin.
Samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Innra mat skóla byggir á ferli (vinnubrögðum) og inntaki (mælingum og gögnum sem lýsa viðhorfum hagsmunaaðila). Enn fremur að allir aðilar skólasamfélagsins (starfsfólk skóla, nemendur, foreldrar) taki virkan þátt í matinu, bæði með því að leggja til gögn og vinna úr þeim með það að markmiði að umbætur fylgi í kjölfarið.
Opinbert	Innra mat skóla er birt í þessari skýrslu. Matsskýrslan er hluti ef starfsáætlun skólanna. Starfsáætlunin er birt á vefsíðum þeirra.
Umbótamiðað	Með hliðsjón af niðurstöðum innra mats á að skilgreina umbætur og skipuleggja þær í samvinnu við skólaráð. Í umbótaáætlun þarf að koma fram til hvaða aðgerða á að grípa og hver er ábyrgur fyrir þeim, hvenær framkvæmdar, hvernig og hvenær eigi að meta árangur að nýju.

1.4. Áherslur í innra mati skóla út í ytra mat sveitarfélags:

a. Áherslur laga, reglugerða og aðalnámskrár (úr innra í ytra mat):

- Að meta gæði skólastarfsins sem tækifæri til reglulegra umbóta.
- Að innra mat skóla sé samofið daglegu starfi.
- Að mælingar byggi á traustum upplýsingum.
- Að sveitarfélag sé virkt í mati á starfi grunnskólanna.

b. Áherslur sveitarfélagsins (úr innra í ytra mat):

- Að leggja mat á skólanámskrár og starfsáætlanir skóla svo þær uppfylli viðmið aðalnámskrár um gæði.
- Að fá mat á gæðum námsins með sérstakri áherslu á lestrarnám og lestrarkennslu.
- Að fá mat á gæðum út frá líðan nemenda og möguleg tækifæri til forvarna í skólastarfinu

- Að fá mat á gæðum út frá sjónarmiðum hagsmunaaðila skólasamfélagsins (nemendur, foreldrar, starfsfólk), á mikilvægum þáttum í skólastarfinu, sérstaklega stjórnun, líðan og upplýsingagjöf.
- Að leggja til samhæfð verkfæri í innra mati skóla svo þeir geti borið starfsemi sína saman við aðra skóla bæjarins og landsins alls á samræmdum forsendum (Skólapúlsinn).

c. ***Áherslur Skarðhlíðarskóla (í innra mati):***

- Mat á framförum og stöðu nemenda í lestri út frá viðmiðum lestrarstefnu Hafnarfjarðar
- Mat á ánægju nemenda með skólann og kennsluhætti
- Mat á vellíðan nemenda í skólanum
- Viðhorfskönnun nemenda í 2.-10. bekk til ýmissa þátta í skólastarfinu (Skólapúlsinn).
- Viðhorfskönnun foreldra nemenda í 1.-10. bekk til ýmissa þátta í skólastarfinu (Skólapúlsinn).
- Viðhorfskönnun starfsmanna til ýmissa þátta í skólastarfinu (Skólapúlsinn).
- Mat eftir starfsmannasamtöl einu sinni á ári.
- Mat á framgangi og stöðu SMT-skólafærni (SET listi SMT).
- Mat eftir námsamtöl sem eru tvisvar á ári.
- Mat eftir nýliðasamtöl

1.5. Mat, Verkáætlun

Eftirfarandi er Verkáætlun um innra mat skólans á skólaárinu, þ.e. gagnasöfnun, matsumræða, matsákvarðanir og skýrslugerð. Matið hefur þann megintilgang að lyfta upp á yfirborðið því sem vel tekst til, að finna nauðsynleg umbótaverkefni og stuðla að skólaþróun.

Mánuður	Verkefni	ábyrgð	Skólaár 2024-2025	Skólaár 2025 - 2026	Skólaár 2026 - 2027
Ágúst	• Matsteymi fundar og fer yfir þróunar- og umbótarverkefni síðasta árs	Skólastjóri og stjórnendur	x	x	x
September	• Innra mats-, þróunar og umbótaáætlun kynnt starfsfólki og sett á heimasíðu skólans • Lesfimipróf í 1. – 10. bekk • Námsmat – leiðsagnarmat • Nemendakönnun 6. - 10. bekk, Skólapúlsinn •	Skólastjórn/ matsteymi	x x x x	X X X X	X x
Október	• Innra mats-, þróunar og umbótaáætlun kynnt í skólaráði • Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum • Lesferill lesskimun 1.bekkur • Framburðarskimun 1.bekkur	Skólastjórn/ matsteymi	 x x	X X X	

	• Logos skimun nemenda í 6.bekk • Stöðumat nemenda í öllum árgöngum, samtalsdagur • Nýliðasamtöl • Skólanámskrá og starfsáætlun kynnt og sett í umsagnarferli • Rýnihópur nemenda, lýðræðisvinna • Mat á samtalsdegi • Innlit í kennslustofur og endurgjöf • Námsmat - leiðsagnarmat • Skólapúlsinn nemendakönnun í 2. til 5. bekk • Skólapúlsinn nemendakönnun í 6. til 10.bekk	 Deildarstjóri stoðþjónustu kennarar	x x x x x	X X X X X X X X	
Nóvember	• Unnið að þróunar- og umbótaverkefnum • Framburðarskimun 1.bekkur • Skólanámskrá og starfsáætlun til staðfestingar í fræðsluráði. • Logos skimun nemenda í 6.bekk • Vímuvarnarkönnun Rannsóknar og greiningar síðasta skólaárs kynnt • Lýðræðisþing með nemendum, foreldrum og starfsfólki • Innlit í kennslustofur og endurgjöf • Námsmat - leiðsagnarmat	Skólastjórn/ matsteymi Deildarstjóri stoðþjónustu Skólastjóri	x x x x x x x	x x x x x	
Desember	• Unnið að þróunar- og umbótarverkefnum • Rýnihópur nemenda, lýðræðisvinna • Innlit í kennslustofur og endurgjöf • Námsmat - leiðsagnarmat • Niðurstöður frá Lýðræðisþingi teknar saman og kynntar	Skólastjórn/ matsteymi	x x x x	X X	
Janúar	• Unnið að þróunar- og umbótarverkefnum • Innlit í kennslustofur og endurgjöf • Lesfimipróf í 1. – 10. Bekk • Lesskilningur, Orðarún. 3.-8.bekkur • Logos skimun nemenda í 3.bekk • Námsmat- leiðsagnarmat, annarskil • Niðurstöður nemendakönnunar kynntar fyrir starfsmönnum skólans	Skólastjórn/ matsteymi	x x X X X x	X X X X	
Febrúar	• Unnið að þróunar- og umbótarverkefnum • Rýnihópur nemenda, lýðræðisvinna • Starfsmannasamtöl • Vímuvarnarkönnun Rannsóknar og greiningar lögð fyrir • Samtalsdagur • Foreldrakönnun Skólapúlsins, lögð fyrir annað hvert ár	Skólastjórn/ matsteymi Skólastjóri	X x X X x	x X X	

	• Námsmat - leiðsagnarmat • Nemendaráð kynnir niðurstöður Skólapúlsins fyrir nemendum • Logos skimun nemenda í 3.bekk	Deildarstjóri frístunamiðstöðvar Deildarstjóri stoðþjónustu	X X x	X x	
Mars	• Unnið að þróunar- og umbótarverkefnum • Drög að símenntunaráætlun vegna næsta skólaárs lög fram • Mat á niðurstöðum samtalsdags, unnið að úrbótum • Starfsmannakönnun Skólapúlsins lögð fyrir annað hvert ár • Námsmat - leiðsagnarmat	Skólastjórn/ matsteymi Skólastjóri	X X X X x	X X X x	
Apríl	• Unnið að þróunar- og umbótarverkefnum • Rýnihópur nemenda, lýðræðisvinna • Niðurstöður úr starfsmannasamtölum kynntar á starfsmannafundi • Skólapúlsinn nemendakönnun í 1. til 5. bekk • Skólapúlsinn nemendakönnun í 6 til 10. bekk • SMT þríhyrningur lagður fyrir • Námsmat - leiðsagnarmat • Logos 8.bekkur	Skólastjórn/ matsteymi SMT teymi Deildarstjóri stoðþjónustu	X X X X X X X X	X X X x X x	
Maí	• Unnið að þróunar- og umbótarverkefnum • Námsmat – leiðsagnarmat • Lesfimipróf í 1. – 10. bekk • Orðarún próf 2 í 3. Til 8.bekk • Logos 8.bekkur • Niðurstöður Skólavogarinnar fyrir Hafnarfjörð kynntar • Skólapúlsniðurstöður kynnar skólaráði	Skólastjórn/ matsteymi Deildarstjóri stoðþjónustu	X X X X X X x	X X X X X x	
Júní	• Lokamat nemenda í öllum árgöngum • Matsumræða starfsmannahóps og umbótatillögur fyrir næsta skólaár • Sót- greining starfsmanna • Innra mats-, þróunar- og umbótaáætlun unnin af stjórnendum	Skólastjórn/ matsteymi	X X X X	X X x	

Gert er ráð fyrir að ofangreint matsferli, almennt fyrir Hafnarfjörð og sértækt fyrir skólann, sé unnið undir verkstjórn skólastjóra og í viðeigandi samráðshópi eftir atvikum (matsteymi, skólastjórnendur, skólaráð).

2. Staða – mats, símenntunar-, umbóta- og þróunarstarf í gangi

Eftirfarandi kafli er innra matsskýrsla skóla fyrir skólaárið 2022-2023 sem skiptist í fjóra hluta:

2.1. Símenntun skólaársins 2023 til 2024.
2.2. Umbótaverkefni sem voru í gangi og staða þeirra.
2.3. Viðhorf aðila skólasamfélagsins (Skólapúlsinn og önnur matsgögn) í innra matsskýrslu skóla.
2.4. Mælingar/árangur í skólastarfinu í innra matsskýrslu skóla.

Á grunni samantektar á stöðu, vinna skólar áætlun um nauðsynleg umbótaverkefni fyrir næsta skólaár. Sjá þriðja kafla.

2.1. Símenntun í gangi og staða hennar

Hér eru kynntar niðurstöður af símenntunarverkefnum skólaársins 2025 til 2026

SÍMENNTUNARVERKEFNI 2025 til 2026			
	A. símenntunarverkefni - ALLIR	**Kest.**	**Fjöldi þáttt.**
A1	SMT – fræðsla fyrir allt starfsfólk	**4**	**70**
A2	Hópefli um haustið fyrir alla starfsmenn	**1**	**70**
A3	Unnið að samskiptasáttmála um vorið, kennarar og stuðningsfulltrúar	**6**	**70**
A4	Kynning á Brúnni	**1 1/2**	**70**
A5	Fræðsla um einhverfu	**1**	**70**
A6	Skyndihjálp	**3**	**80**
A7	Fræðsla um móttöku barna með fjölbreyttan bakgrunn af erlendum uppruna	**1**	**70**
A8			
A9			
A10			
A11			
A14	- *verkefnislýsing* (fyrirlestur, námskeið, ráðstefna, námsferð o.þ.u.l.)		

	B. símenntunarverkefni - HÓPAR	**Kest.**	**Fjöldi þáttk.**
B1	Skyndihjálparnámskeið fyrir sundkennara	**8**	**2**
B2	Tengiliðanámskeið læsis	**8**	**2**
B3	Fræðslufundir um UT kennsluráðgjöf		**1**
B4	Utís	**8**	**2**
B5	Sérfræðinganámskeið Mentor	**12**	**1**
B6	Stjórnendafundir bæjarins	**16**	**3**
B7	Stóra upplestrarkeppnin	**2**	**2**

B8	Litla upplestrarkeppnin	**2**	**3**
B9	Fræðsla um kynferðisofbeldi á börnum á netinu	**1**	**10**
B10	Kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu	**1**	**95**
B11	Skyndihjálpanámskeið fyrir leikjanámskeið	**2**	12
B12	Tengiliðir læsi voru með kynningar frá tengiliðafundum		
B13	Fræðslu- og kynningarfundur fyrir nýtt starfsfólk í ágúst	**6**	16
B14	Verndarar barna - nýtt starfsfólk	**6**	**12**
B15	Skór ráðstefna stjórnendur	**10**	**4**
B16	Ráðstefna SÍ fyrir stjórnendur	**10**	**4**
B17			
B18			
B19			
B20			
B21			
B22			
B23			

2.2. Umbótaverkefni í gangi og staða þeirra

Hér eru kynntar niðurstöður af þróunar- og umbótaverkefnum skólaársins 2024 til 2025, hvort sem þau voru unnin eða ekki, eins og þau voru skilgreind í síðustu áætlun og í sömu röð og þar.

Heiti	1. **Þróunar- og umbótaverkefnið Skólanámskrá**
Inntak verkefnis	Endurrita skólanámskrá út frá nýrri aðalnámskrá
Staða í lok skólaárs	**i. Í hverju fólst verkefnið, hvað var gert?** Endurskoðun skólanámskrá vegna breytinga á Aðalnámskrá. **ii. Hvernig tókst verkefnaframkvæmd**? Tókst vel - Lokið

	iii. **Er verkefni lokið, hvað stendur eftir og hvernig er framhaldið fyrirhugað?** Námskrárvinnu er aldrei lokið en þetta ákveðna verkefni er í vinnslu og lýkur vonandi í haust. iv. **Hver er árangur verkefnisins í heild (og hvaða mælingar/gögn staðfesta það)**? Í vinnslu.

Heiti	2. **Þróunar- og umbótaverkefnið SMT**
Inntak verkefnis	*Viðhalda SMT skólafærni í skólann og fá alla til að nota þær aðferðir.*
Staða í lok skólaárs	i i. ***SMT teymi skólans hélt utan um framkvæmd innan skólans og áherslur. Skólinn er sjálfstæður SMT skóli og er reglulega með fræðslu fyrir starfsfólk.*** . ii. ***Innleiðing tókst vel og er búið að innleiða neðsta lagið sem er fyrir alla nemendur skólans, miðlagið og efsta lagið. Kennarar nota skráningarmiða og fiðrildamiða. Þá hafa verið sett um hegðunarkerfi eða umbunarkerfi fyrir ákv. nemendur. Unnið er með efsta lagið og sér úrræði fyrir ákveðna nemendur og búið er að innleiða lausnarteymi.*** . iii. ***SMT teymi mun starfa áfram og mun halda utan um þetta verkefni því þetta er verkefni sem þarf stöðugt að vera í mótun til að viðhalda.*** . iv. ***Árangur verkefnisins er metinn í SET könnun.*** .

Heiti	**3. Bæta skólabrag í skólanum**
Inntak verkefnis	*Að bæta umgengni í skólanum*
Staða í lok skólaárs	***i. Deildarstjóri yngra stigs hélt utan um verkefnið þar sem hún heldur einnig utan um SMT teymi skólas*** ii. ***Verkefni tókst nokkuð vel þar sem unnið var með átak í umgengni, mismunandi reglur í hverri viku.*** iii. V***erkefninu er ekki lokið þar sem umgengni um skólann er ekki ennþá ásættanleg.*** . .

Samantekt þróunar- og umbótaverkefna skólaársins 2025 til 2026

Almennt gekk vel að fylgja eftir þróunar og umbótaverkefnum sem voru undir á skólaárinu en þar sem þeim er ekki lokið þá flytjast þau yfir á næsta skólaár.

2.3. Matsgögn og mælingar

2.3.a. Viðhorfin í skólasamfélaginu

Eftirfarandi er samantekt á sjónarmiðum skólasamfélagsins til skólastarfsins og byggir á viðhorfum sem birtast í Skólapúlsinum, matsverkfæri fyrir grunnskóla sem bæjaryfirvöld í Hafnarfirði kaupa aðgang að fyrir alla grunnskólana. Einnig er greint frá því ef annarra gagna er aflað og þau greind. Í samhengi við mælinganiðurstöður Skólapúlsins sem eru samhæfðir á landsvísu setja skólar sér eigin árangursviðmið eftir því hvar þeir telja að umbóta sé þörf. Mælingar í Skólapúlsinum eru:

- Nemendur (úrtak nemenda í 6.-10. bekk. Könnun lögð fyrir 40 nemendur á mánuði frá sept.-maí).
- Foreldrar (úrtak úr hópi foreldra barna í skólanum. Könnun lögð fyrir í febrúar).
- Starfsfólk (allir starfsmenn skóla með áherslu á kennara. Könnun lögð fyrir í janúar).

i. Nemendur

	Skólapúlsinn							
	Síðasta ár			Árið í ár			Næsta ár	
Matsþættir	Árangurs viðmið skólans Stig: %:	Lands-meðaltal Stig: %:	Raun-tala skólans 2025	Árangurs viðmið skólans Stig: %:	Lands-meðaltal Stig: %:	Raun-tala skólans 2026	Árangurs-viðmið skólans Stig:	Tilvísun í kafflanúmer í viðmiðum um ytra mat mennta- og menningar-málaráðuneyti sins (sjá viðauka)
Námið								
Ánægja af lestri	4,2	4,2	4,1	4,2	4,3	4,2	4,3	II 3.3.
Þrautseigja í námi	4,7	4,5	4,6	4,7	4,6	4,5	4,6	II 3.3.
Áhugi á stærðfræði	4,5	4,5	4,4	4,5	4,7	4,7	4,8	II 3.3.
Ánægja af náttúrufræði	4,4	4,3	4,3	4,4	4,6	4,4	4,6	II 3.3.
Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,3	4,4	4,2	4,3	4,8	4,8	4,9	II 3.3.

Trú á eigin námsgetu	4,8	4,8	4,8	4,9	4,9	4,9	4,9	II 3.3.
Líðan								
Sjálfsálit	4,5	4,4	4,5	4,5	4,5	4,4	4,5	II 3.3.
Stjórn á eigin lífi	4,4	4,3	4,3	4,4	4,4	4,4	4,5	II 3.3.
Vellíðan	4,5	4,3	4,5	4,5	4,6	4,4	4,5	II 3.3.
Einelti	5,0	5,7	6,0	5,0	5,7	5,9	5,5	II 3.3.
Tíðni eineltis	14,0	15,8%	15.2%	14,0	15,8%	18,1%	15,8%	II 3.3.
Hreyfing	Ekki spurt							II 3.3.
Mataræði	Ekki spurt							II 3.3.
Skóla- og bekkjarandi								
Samsömun við nemendahópinn	4,8	4,9	4,7	4,8	4,9	4,7	4,8	II 3.3.
Samband nemenda við kennara	4,8	4,8	4,8	4,9	4,9	4,8	4,9	II 3.3.
Agi í kennslustundum	5,6	4,8	5,0	5,1	4,9	5,1	5,1	II 3.3.
Virk þátttaka í kennslustundum	5,4	4,8	4,9	5,0	4,9	4,9	5,0	II 3.3.
Tíðni leiðsagnarmats	4,8	4,8	5,1	5,2	4,9	4,8	4,9	II 3.3.

Önnur matsgögn skólans sem varða nemendur

Matsþættir	**Hvernig mælt/metið**	**Síðasta ár**		**Árið í ár**		**Næsta ár**
		Árangurs-viðmið skólans	Raun-tala 201x	Árangurs-viðmið skólans	Raun-tala 201 x	Árangurs-markmið fyrir næsta ár

Önnur (eigindleg) gögn	Helstu niðurstöður
Rýnihópagögn	
Stjórnendasjónarmið	
Skólaþingsgögn	
Annað	

ii. Foreldrar ekki könnun árið 2025 -2026

	Skólapúlsinn							
	Síðasta ár 2022- 2023			Árið í ár 2024 -2025			Næsta ár	
Matsþættir	Árangurs-viðmið skólans Stig: %:	Lands-meðaltal Stig: %:	Raun-tala skólans 2023*	Árangurs-viðmið skólans Stig: %:	Lands-meðaltal Stig: %:	Raun-tala skólans 2025	Árangurs-viðmið skólans Stig: %:	Tilvísun í kaflanúmer. í viðmiðum um ytra mat mennta- og menningar-málaráðuneyti sins (sjá viðauka)
Nám og kennsla								
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,7	5,1	4,9	5	5,1	5,2	5,3	II 1.3.
Ánægja foreldra með stjórnun skólans	91	90,6	85,4	87	91	86,4	90	I 1.1

Hæfileg þyngd námsefnis	92	82,8	86,2	86,5	80,7	82.1	83	II 1.2.
Hæfilegur agi í skólanum	74	71	63,9	70	67.1	63	65	I 1.1.
Hæfileg áhersla á mat með hefðbundnum prófum								II 1.3.
Velferð nemenda								
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,2	4,6	4,7	4,8	4,8	5,1	5,2	II 3.3.
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	92	86,2	86	86,5	88,5	85	86	II 3.3.
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	92	89,1	91,1	91	92	95,2	95,5	II 3.3.
Líðan nemenda í kennslust. að mati foreldra almennt	95	89,5	92,1	92	91,1	94,2	94,5	II 3.3.
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	91	87,7	79,8	85	90,1	84,5	85	II 3.3.
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	9,5	10,5	13,5	11	9	8,4	8,0	II 3.3.
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	70	52,4	40	50	57,7	47,1	55	I 2.3.
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu á eineltismálum	67	50,3	42,9	50	56,2	50	55	I 2.3.
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	88	73,3	72	74	77,1	71,7	75	I 2.3.
Meðaltímabil eineltis	0,7	1,4	1,5	1,5	1,5	1,5	1,4	I 2.3.
Aðstaða og þjónusta								
Ánægja með aðstöðu í skólanum	6,8	5,4	6,1	6,1	5,6	5,8	5,9	II 2.4.
Ánægja með tómstundaþjónustu /frístundaheimili	5,7	x	x	5,8	5,2	5,2	5,3	II 2.4.

Hlutfall nemenda í tómstunda-þjónustu/frístundaheimili	76	x	x	7,6	66,6	61,9	63	II 2.4.
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	78	71,1	77,1	78	72,7	73,7	74	I 2.4.
Notkun á mötuneyti	94	87,9	93,3	94	96,3	97,6	98	I 2.4.
Foreldrasamstarf								
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,1	4,8	5,2	5,2	4,7	4,8	4,9	I 3.2.
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	65	55,8	56,3	5,6	55,3	64,6	65	I 3.2.
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	79	63,6	61	63	66,1	74,5	75	I 3.2.
Ánægja með síðasta foreldraviðtal	95	93,2	95,2	96	93,3	96,1	96,3	I 3.2.
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	71	58	60,3	60	53,6	64,6	65	I 3.2.
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	90	87,2	89,4	90	87,4	90,2	91	I 3.2.
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	81	78,8	62,8	70	77,4	78,2	79	I 3.2.
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	75	69,7	71,9	72	70,4	75	76	
Heimastuðningur								
Virkni foreldra í námi barna sinna	5,3	4,9	5,2	5,3	4,9	5,4	5,5	I 3.2.
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið								I 3.2.

Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,3	4,4	4,5	4,6	4,5	4,4	4,5	I 3.2.
Hæfileg heimavinna að mati foreldra	82	74	75,3	75	73,3	69,1	70	I 3.2.
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	75	57,3	56,6	57	55,1	64,6	65	I 3.2.
Væntingar foreldra um háskólanám	75	75,9	69,2	70	76,9	76,1	77	I 3.2.
Væntingar foreldra um iðnnám	20	14,2	20	20	13,6	17,9	18	I 3.2.

2.3.b. Matsniðurstöður – samræmd próf og skimun

i. Samræmdar könnunar próf voru ekki lögð fyrir þetta skólaár.

ii. Læsi mælingar og markmið skólaárið 2025 til 2026

Verkefni		**Skóli 2025 til 2026**	**Markmið 2024**		**Markmið 2025**	
			Bærinn	**Skólinn**	**Bærinn**	**Skólinn**
Leið til læsis (6 ára skimun)	Í áhættuhópi 1 ekki fleiri en	15%	8%	15%		
	Í áhættuhópi 2 ekki fleiri en	20%	10%	25%		
LOGOS (8 ára skimun)	Undir 15. hundraðsröð ekki fleiri en	20%	30%	15%		
	Undir 30. hundraðsröð ekki fleiri en	25%	25%	25%		
LOGOS (11 ára skimun)	Undir 15. hundraðsröð ekki fleiri en	19%	30%	15%		
	Undir 30. hundraðsröð ekki fleiri en	25%	25%	20%		
LOGOS (14 ára skimun)	Undir 15. hundraðsröð ekki fleiri en	13,3%	30%	20%		
	Undir 30. hundraðsröð ekki fleiri en	40%	25%	15%		

3. Símenntun og umbóta- og þróunarverkefni í bígerð

Hér áfram er kynnt símenntu og umbóta- og þróunarverkefni sem skólinn stefnir að á starfsárinu 2026 til 2027.

a. Verkefnaskrá – áætlun um símenntunarverkefni 2025 til 2026

	Áætluð símenntunarverkefni – ALLIR Í SKÓLA	**Styrkur frá öðrum (JÁ – NEI)**
A1	Kynferðisofbeldi gegn börnum - Bofs námskeið	
A2	Fræðslufundur um teymisvinnu kennara og stuðningsfulltrúa	nei
A3	SMT fræðsla fyrir alla starfsmenn	nei
A4	Nýtt námsmat vegna breytinga frá ráðherra	nei
A5	Hópefli, ágúst	nei
A6	Faggreinafundir kennara í Hafnarfirði	nei
A7		nei
A8	- *verkefnislýsing* (fyrirlestur, námskeið, ráðstefna, námsferð o.þ.u.l.)	
	SAMTALS	

	Áætluð símenntunarverkefni - HÓPAR	**Styrkur frá öðrum (JÁ – NEI)**
B1	Skyndihjálparnámskeið fyrir sundkennara	nei
B2	Lestur og læsi þróunarverkefni í 1. og 2.bekk	nei
B3	Fræðslan Verndarar barna fyrir nýja starfsmenn	nei
B4	Fræðslufundir um UT kennsluráðgjöf	nei
B5	Tengiliðanámskeið læsis	nei
B6	Þróunarverkefni í stærðfræði fyrir 5.bekk	nei
B7	Fræslu og kynningarfundur fyrir nýtt starfsfólk	nei
B8	Forvarnafræðsla um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni til nýrra starfsmanna	nei
B9	Stóra upplestrarkeppnin	nei
B10	Litla upplestrarkeppnin	nei
B11	Sameiginlegir fræðslufundir fyrir kennarar í Hafnarfirði	
B12	Utís online - annað hvert ár	
B13		
B14		
B15		
B16		
B17		
B18		

B19		
B20		
B21		
	SAMTALS	
	HEILDARKOSTNAÐUR	

Skólaárið 2026 til 2027

Það er endurmenntunartími grunnskólakennara í Hafnarfirði frá 12. til 14. ágúst 2026 og allir kennarar og/eða afmarkaðir starfsmannahópar allra grunnskóla bæjarins, s.s. nýir kennarar, íþróttakennarar o.s.frv. geta búist við námskeiðum á þessum tíma.

Símenntunartími grunnskólakennara í Hafnarfirði verður áfram á mánudögum frá kl. 14 til 16 skólaárið 2026 til 2027 skipulagt með einstaka fundum og námskeiðum af Mennta og lýðheilsusviði. Þetta eru ýmist skyldunámskeið eða val fyrir afmarkaða kennarahópa, allan kennarahóp skólans eða allt starfsfólk grunnskólanna í bænum. Það eru námskeið og viðfangsefni sem varða áhersluþætti Mennta og lýðheilsusviðs og/eða Skólastefnu Hafnarfjarðar. Heildarumfang þessarar fræðslu (sem skyldu) fyrir starfsmenn er alltaf innan við þriðjungur þess símenntunartíma sem þeir skulu sinna samkvæmt kjarasamningum.

b. Verkefnaskrá – áætlun um þróunar-/umbótaverkefni

Heiti	1. Uppfæra skólanámskrá Skarðshlíðarskóla										
Inntak verkefnis	*Uppfæra skólanámskrána til að hægt sé að koma nýrri útgáfu af henni á heimsíðu skólans.*										
Ábyrgð	Stjórnendur										
Markmið, áherslur og viðfangsefni ***Verkáætlun***	i. **Markmið verkefnis**: að yfirfara hana í 1. til 10.bekk . ii. **Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram**: að kennarar í öllum árgöngum klári að yfirfara skólanámskráa fyrir sinn árgang og sitt fag. . iii. **Verkáætlun**: Fyrstu mánuði skólaársins verða nýttir í að klára þessa vinnu til að hægt sé að vinna eftir skólanámskránni næsta vetur. .										
Mánuður	***ágúst***	***sept.***	***okt.***	***nóv.***	***des.***	***jan.***	***feb.***	***mars***	***apríl***	***maí***	***júní***
Tími	X	X	X								

Heiti	2. SMT										
Inntak verkefnis	*Viðhalda SMT skólafærni í skólanum og fá alla til að nota þær aðferðir til að ná fram góðum skólabrag.*										
Ábyrgð	stjórnendur										
Markmið, áherslur og viðfangsefni verkáætlun	i. **Markmið verkefnis**: að viðhalda SMT og fá alla til að vinna með smt og reglutöfluna. Vera með átak í umgengi og henni í betra horf. . ii. **Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram**: Áhersla verður lögð á að kenna SMT skólafærni með reglulegri fræðslu og stuðningi og nýta betur lausnateymi. . iii. **Verkáætlun**: Verkáætlun verður útbúin í upphafi skólaárs og unnið skv. henni með stuðningi frá fræðslu og frístundasviði. Formaður teymisins er Margrét Lilja Pálsdóttir .										
Mánuður	***Ágúst***	***Sept***	***Okt***	***Nóv.***	***Des.***	***Jan.***	***Feb.***	***Mars***	***Apríl***	***Maí***	***Júní***

Tími	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Heiti	3. Samstarf leik-, grunn og tónlistarskóla										
Inntak verkefnis	*Að auka samstarf milli skólastiga sem öll eru í sömu byggingu. Þá á að auka vægi tónlistar í öllu skólastarfi.*										
Ábyrgð	Ingibjörg Magnúsdóttir										
Markmið, áherslur og viðfangsefni Verkáætlun	i. **Markmið verkefnis**: Að styrkja og efla tengsl milli skólastiga sem eru í sömu byggingu. Þá á að auka vægi tónlistar í öllu skólastarfinu og reyna að vekja áhuga nemenda á tónlist og hljóðfærum. Þeir nemendur sem eru að æfa á hljóðfæri fá tækifæri til að koma oftar fram. ii. **Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram**: Leitað verður leiða til að starfsfólk skólanna kynnist til að auðvelda alla samvinnu milli stofnanna . iii. **Verkáætlun** (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Búið er að ráða starfsmann sem mun halda utan um þetta verkefni og sjá til þess að allir séu að dansa í takt og stefna í sömu átt. .										
Mánuður	***ágúst***	***sept.***	***okt.***	***nóv.***	***des.***	***jan.***	***feb.***	***mars***	***apríl***	***maí***	***júní***
Tími		X	X	X	X	X	X	X	X	X	

Heiti	4. Skipta hæfniviðmiðum milli árganga út frá breytingum sem tóku gildi 2025										
Inntak verkefnis	*Skipta hæfniviðmiðum í öllum námsgreinum niður milli árganga og fá fólk til að endurskoða kennsluáætlanir út frá því.*										
Ábyrgð	stjórnendur										
Markmið, áherslur og viðfangsefni Verkáætlun	i. **Markmið verkefnis**: Fá alla til að vinna eftir nýrri aðalnámskrá frá hausti 2026 ii. **Áherslur og viðfangsefni sem ætlað er að ná fram**: Að fá alla kennara til að kynna sér ný hæfniviðmið, skipta þeim niður á árganga til þess að samfella skapist í náminu. iii. **Verkáætlun** (útfærð eftir mánuðum hér neðar): Þetta byrjar starx í september og verður út skólaárið. Hver mánuður fær sitt þema.										
Mánuður	***ágúst***	***sept.***	***okt.***	***nóv.***	***des.***	***jan.***	***feb.***	***mars***	***apríl***	***maí***	***júní***

Vinnuframlag		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Viðauki

Eftirfarandi er efnisyfirlit um viðmið um gæði í skólastarfi sem notuð eru til ytra mats á grunnskólum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. (Hér er bætt við tveimur þáttum I 2.4. og II 3.3.) Viðmiðin voru unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga og lauk þeirri vinnu í árslok 2012. Sjá www.samband.is Í ysta reit til hægri í töflum um matsþætti í Skólapúlsinum (kafla 2.2.) eru tilgreindar tölur sem eiga við matsþætti í þessu yfirliti.

Svið I - Stjórnun

I.1. Fagleg forysta

I.1.1. Stjórnandinn sem leiðtogi
I.1.2. Stjórnun stofnunar
I.1.3. Faglegt samstarf
I.1.4. Skólaþróun

I.2. Stefnumótun og skipulag

I.2.1. Starfsáætlun og skólanámskrá
I.2.2. Skóladagur nemenda
I.2.3. Verklagsreglur og áætlanir
I.2.4. Önnur þjónusta

I.3. Samskipti heimila og skóla

I.3.1. Skólaráð, foreldrafélag
I.3.2. Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Svið II – Nám og kennsla

II.1. Nám og námsaðstæður

II.1.1. Inntak og árangur
II.1.2. Skipulag náms og námsumhverfi
II.1.3. Kennsluhættir og gæði kennslu
II.1.4. Námshættir og námsvitund

II.2. Þátttaka og ábyrgð nemenda

II.2.1. Lýðræðisleg vinnubrögð
II.2.2. Ábyrgð og þátttaka

II.3. Námsaðlögun

II.3.1. Nám við hæfi allra nemenda
II.3.2. Stuðningur við nám
II.3.3. Líðan nemenda

Svið III - Innra mat grunnskóla

III.1. Framkvæmd innra mats

III.1.1. Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi
III.1.2. Innra mat er markmiðsbundið

III.1.3. Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum
III.1.4. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum
III.2. Umbótastarf í kjölfar innra mats
III.2.1. Innra mat er opinbert
III.2.2. Innra mat er umbótamiðað

84. Móttökuáætlun

Áætlun um móttöku nemenda í grunnskóla.

Kynning

Móttökuáætlun er skilgreind í 16. grein laga um grunnskóla frá 2008 og kveður á um að skólar/ sveitarfélög skuli eiga áætlanir um móttöku nemenda:

> 16. gr. ***Móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál en íslensku***.
> Kennsla í grunnskólum skal fara fram á íslensku. Heimilt er að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá. Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.
> Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Þá er sérstaklega kveðið um gerð móttökuáætlunar með ákveðnu innihaldi skv. reglugerð 585/2010, 9. grein, sérstaklega vegna nemenda sem hafa sérþarfir:

> 9. gr. ***Móttökuáætlun***.
> Auk almennrar móttökuáætlunar skv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans.

Móttökuverkefnið

Það er skylda skólans að sjá til þess að mæta þörfum nemenda og nota til þess skilgreindar aðferðir og vinnubrögð til að taka á móti nýjum nemendum sem koma í skólann, mismunandi eftir nemendahópum sem eru eftirfarandi:

a. nemendur sem hefja grunnskólagöngu við 6 ára aldur
b. nemendur sem skipta um skóla eftir að grunnskólaganga hefst
c. nemendur sem að hefja nám á Íslandi eftir að hafa búið í útlöndum eða hafa annað móðurmál en íslensku

d. nemendur sem hafa sérþarfir.

Móttökuráð
Í skólanum er móttökuráð sem ber ábyrgð á móttökuáætlun skólans undir stjórn skólastjóra, og er stjórnendateymi skólans eins og skólinn hefur skilgreint það (nema sérstakt móttökuráð hafi verið skilgreint og þá skal það kynnt sérstaklega). Verkefni varðandi móttöku einstakra nemendahópa, með verklagi sem því tengist, er unnin af ýmsum starfsmönnum skóla eftir atvikum og skilgreindum verkefnum þeirra þar um.

Verklagsreglur vegna nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða hafa búið lengi erlendis.

1. **Undirbúningur**:

Gert er ráð fyrir að nemandi sem óski eftir skólavist fái hana sem allra fyrst, eigi síðar en viku eftir að sótt er um hverfisskóla en ekki meira en tvær vikur ef sótt er um annan skóla en hverfisskóla.

Starfsfólk grunnskóla Hafnarfjarðar á möguleika á ráðgjöf frá starfsmanni á Menningar- og lýðheilsusviði sem heldur utan um þennan málaflokk vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Hafnarfjörður er með sérstakan upplýsingavef fyrir foreldra/aðstandendur nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku með grunnupplýsingar um grunnskólastarfið í bænum.

Sérstök handbók er fyrir starfsfólk í grunnskólum Hafnarfjarðar sem leiðbeinir um innritun og móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Skólinn er með móttökuferli þar sem sérstaklega er tekið á móti nemanda/aðstandendum, skóli og umsjónarbekkur kynntur. Skólastarfið er undirbúið með viðtali og skoðun á skóla þar sem sóttar eru ákveðnar grunnupplýsingar um nemanda og kynnt samstarf skólans við heimilið. Þátttakendur í móttökuviðtali eru alltaf umsjónarkennari og a.m.k. einn annar fulltrúi skóla (t.d. starfs- og námsráðgjafi, deildarstjóri o.s.frv.)

Móttökuviðtal

Markmið móttökuviðtalsins er tvíþætt, annars vegar að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólann m.a. um hvað nemandinn skal hafa með í skólann, hvað foreldrar þurfa að útvega s.s. skólatösku, íþróttaföt, sundföt o.s.frv. Um nesti, hádegismat, frístundastarf og foreldrafélagið. Einnig um hvað skólinn útvegar s.s. nemendabækur, ritföng, bókasafnsbækur, orðabækur og nemendaskápa.

Veita skal foreldrum upplýsingar um starfshætti skólans, skólareglur og hefðir (skólasókn, umgengni, agamál/SMT-skólafærni, klæðnað, notkun farsíma, reykingar og áfengi, útivist m.a. í frímínútum, skemmtanir í skóla- og frístundastarfi og útivistarreglur barna: www.bb.is), næringu og heilsu, samstarf skóla og skólaforeldra, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og annað íþrótta- og æskulýðsstarf í hverfinu. Einnig er mikilvægt að upplýsa foreldra um ábyrgð og skyldur foreldra í íslensku skólakerfi enda getur það verið gerólíkt því sem foreldrarnir hafa vanist. Loks skal upplýsa foreldra um viðbrögð við óveðri.

2. Skipulag/framkvæmd: Hér er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd kennslu og stuðnings við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku í skólanum. Skóli finnur nemanda bekk og undirbýr bekkjarfélaga fyrir komu hans. Nemandinn tengist tungumálaverinu Veröld og starfsfólki þess. a. Samstarf um skipulag kennslu, aðbúnað og aðstöðu: ● Umsjónarkennari hefur umsjón með móttöku nemenda með annað móðurmál í sinn bekk og heldur utan um nám þeirra að öllu leyti (nema eitthvað annað hafi verið ákveðið í einstaka tilfellum, t.d. að sérkennari hafi þá ábyrgð). ●

Við íslenskunám skal huga að áherslum aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls. 106-108) um „íslensku sem annað tungumál“ þar sem allir kennarar sem kenna nemanda bera ábyrgð en ekki bara umsjónarkennari eða íslenskukennari.

Aðstaða og aðbúnaður til íslenskukennslu þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku er í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta snjall tæki til náms eins og kostur er. b. Notkun hjálpartækja og stuðningur til félagslegrar virkni og þátttöku:

Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk til náms. Hér getur verið um að ræða tölvur og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit og fleira.

Í öllu skólastarfi er miðað að því að nemandi með annað móðurmál en íslensku geti tekið þátt í félagsstarfi í skólanum líkt og aðrir nemendur árgangs/bekkjar. c. Einstaklingsnámskrá, kennsluhættir og námsmat:

Nemandi með annað móðurmál en íslensku fær sérstuðning í íslenskunámi í samræmi við reglur bæjarins. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni þar sem tekið er mið af námsstöðu nemanda. Kennslan getur farið fram með eða án stuðnings í almennum bekk, sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingskennslu utan bekkjar í námsverinu Veröld.

Í einhverjum tilvikum getur nemandi með annað móðurmál en íslensku fengið undanþágu frá kennslu í sumum námsgreinum. Slíkar undanþágur eru unnar í samræmi við undanþágureglur í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 75-79, sérstaklega kafla 18.8 á bls. 78-79). d. Hlutverk umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila:

Deildarstjóri stoðþjónustu skal meta þörf fyrir sérkennslu í samráði vegna kennslu einstakra nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku og setja þá á laggirnar teymi ef slíkt á við, þ.e. efíslenskunámið gengur verr en ætla mætti. Fyrir teymisfundi foreldrafundi, með fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla. Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar). e. Samstarf við foreldra:

Samstarf við foreldra er með ákveðnum samráðsfundum, samskipti gegnum námsumsjónarkerfi, með tölvupósti auk samstarfsfunda eftir þörfum og/eða áætlunum sem gerðar eru. Það er gert ráð fyrir að skóli nýti sér alltaf túlkaþjónustu í foreldraviðtölum þar sem foreldrar skilja ekki íslensku.

Fyrir túlkaða foreldrafundi, með fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla (sjá sér snið stoðþjónustu um þær). Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar).

Löggjafinn og ráðuneyti: Lög-reglugerðir-reglur	Áhersluþættir forvarna í stefnumörkun löggjafans (Alþingi) og framkvæmdavalds (ráðuneyti mennta- og menningarmála): ➢ Að sérhver skóli sé með móttökuáætlun með viðeigandi verklagsreglum. ➢ Að útbúin sé móttökuáætlun fyrir ákveðna nemendahópa sem þurfa sérstaklega stuðning í námi.
Menntastefna Hafnarfjarðar:	Menntastefna Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir: - Að vel sé tekið á móti öllum nemendum sem hefja nám í grunnskólum Hafnarfjarðar. - .
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar:	Stefnumörkun Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar felur í sér: ✓ Að viðhafa skýrar reglur um innritun í grunnskóla þar sem hver skóli gerir móttökuáætlanir. ✓ Að gefa út sérstakan bækling fyrir foreldra 6 ára barna í bænum. ✓ Að styðja við skóla hvað varðar móttöku einstakra nemendahópa eftir atvikum, t.d. með ráðgjöf, upplýsingum (t.d. á vef) og/eða verklagsreglum.
Móttökuáætlun skóla:	a. Stefnumörkun skóla varðandi upphaf grunnskólanáms (6 ára nemendur) felur í sér: • Að viðhafa skýrar reglur um innritun í grunnskóla þar sem hver skóli gerir varðandi móttöku barna við upphaf grunnskóla. • Að færa foreldrum 6 ára nemenda nauðsynlegar upplýsingar um upphaf grunnskólanáms, s.s. að afhenda þeim bækling fyrir foreldra 6 ára barna. b. Stefnumörkun skóla varðandi nemendur sem koma í skólann einhvern tíma á grunnskólaaldri eftir upphaf (7-16 ár) felur í sér: • Að taka vel á móti öllum nemendum sem koma hvenær sem er á grunnskólaaldri og gera þeim kleift að taka fullan og virkan þátt í skólastarfinu. c. Stefnumörkun skóla varðandi nemendur sem koma erlendis frá/ annað móðurmál en íslensku felur í sér: • Að veita þeim sérstaka þjónustu varðandi íslenskunám í samræmi við reglur. • Að nýta túlkaþjónustu eftir þörfum til að tryggja að fullnægjandi upplýsinga-miðlun sé til staðar. • Að vinna að því að foreldrar nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku séu vel tengdir í skólastarfinu. • Að vinna að því að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái einnig kennslu í móðurmáli sínu og stuðning við það af hálfu skóla. d. Stefnumörkun skóla varðandi móttöku nemenda með sérþarfir felur í sér: • Að upplýsingamiðlun hafi átt sér stað við leikskóla nemanda hafi sérþarfir verið skilgreindar áður en í grunnskóla er komið. • Að nýta vinnu með einstaka nemendur með sérþarfir í tilfærsluáætlun í tengslum við lok grunnskólastarfs. • Að þjónusta sérfræðiþjónustu við grunnskóla styðji vel við starfsfólk skóla að þjónusta börn með sérþarfir. • Að bjóða upp á sem sérhæfðasta þjónustu við börn með sérþarfir innan bæjarins, hvort heldur með sérúrræðum innan hvers skóla eða innan bæjarins í heild sinni.

Staða og mat – verkefnastaða frá liðnu starfsári

Hér skulu kynntar niðurstöður af nýverkefnum sem tengjast móttöku nemenda frá síðasta ári, hvort þau voru unnin eða að hve miklu leyti, eins og þau voru skilgreind í síðustu móttökuáætlun og í sömu röð og þar er að finna.

Heiti	1. Móttaka nýrra nemenda í Skarðshlíðarskóla
Inntak verkefnis	*Að allir nýir nemendur í Skarðshlíðarskóla upplifi góða byrjun í nýjum skóla.*
Staða í lok skólaárs	i. ***Verkefnið tókst vel og var öllum sem byrjuðu í skólanum boðið að koma og skoða skólann áðu en þeir hófu nám. Boðið var upp á sérstakan fund í skólanum í ágúst fyrir nemendur og foreldra til að allir hefðu komið inn í skólann og fengið að ganga um skólann áður en skólasetning var haldin..*** ii. ***Það verður haldið áfram með þetta verkefni og það gert að föstum lið í móttöku nemenda.*** iii. ***Þetta tókst vel***

Samantekt móttökuáætlunar síðasta starfsárs í heild sinni

Móttökuáætlunin er tilbúin og farið að vinna eftir henni. Hún mun þó vera í reglulegri endurskoðun þar sem við erum nýr skóli og venjur og hefðir eru að mótast og móttaka nýrra nemenda er ferli sem stöðugt er hægt að bæta. Í áætluninni er farið yfir hlutverk hvers og eins sem kemur að nemandanum og skýrt hver á að gera hvað og lagt upp með hvað er tekið fyrir í hverju viðtali. Þá er sér móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna sem er unnin í samvinnu við kennara sem kennir íslensku sem annað mál.

Aðgerðaáætlun

Hér skulu tilgreind öll verkefni á sviði móttökuáætlana sem stofnun/skóli stefnir að á viðkomandi starfsári, hvort sem það snýr að stjórnsýslu, daglegum samskiptum starfsmanna eða fræðslustarfsemi fyrir starfsmenn.

VIÐAUKI:

a. Verklagsreglur vegna nemenda sem hefja grunnskólagöngu við 6 ára aldur

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda við upphaf grunnskóla (6 ára / 1. bekkur):

- Foreldrar/forráðamenn skrá nemendur í sinn hverfisskóla gegnum island.is þar sem lögheimili barns ræður hverfisskólaskipulagi. Óski foreldri eftir skóla öðrum en hverfiskóla viðkomandi barns þarf að sækja um það sérstaklega en Skarðshlíðarskóli tekur tímabundið ekki inn nemendur í 1. til 4.bekk sem búa utan hverfis. Sú ákvörðun verður endurskoðuð þegar Hamranesskóli tekur til starfa.

- Nýskráning fyrir 1. bekk hefst í febrúar ár hvert og er auglýst sérstaklega
- Foreldrar fá afhentan bækling sem inniheldur ítarlegar upplýsingar fyrir börn og foreldra sem eru að hefja fyrsta árið í grunnskóla.

2. Skipulag/framkvæmd:

Hér áfram er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd móttöku við upphaf grunnskóla.

- Nemendur koma í skólaheimsókn 2 sinnum yfir veturinn áður en þeir hefja skólagöngu
- Nemendur eru innritaðir í skólann fyrir 1. mars.
- Einstaklingsviðtöl við foreldra og nemanda í skólabyrjun (skólasetningardag og daginn eftir).
- Fræðslufundur fyrir foreldra í maí.

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Sérhver skóli skal árlega meta eigin framkvæmd á skipulagi og kennslu 1. bekkinga í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

b. Verklagsreglur vegna nemenda sem koma nýir í skólann eftir að grunnskólaganga hefst hvenær sem er skólaársins

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda með sem hefja nám í skólanum síðar en við upphaf grunnskóla:

- Foreldrar sækja um skólavist island.is.
- Skóli raðar nemendur í bekki og velur þær aðferðir sem notaðar eru við þá röðun.
- Þegar nýr nemandi er skráður í skólann er honum og foreldrum hans boðið að koma í heimsókn í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim, eða fulltrúi þeirra ef slíkt á við, og kynna skólastarfið og sýna þeim húsnæðið.
- Almennur undirbúningur frá hendi umsjónarkennara: Nemandi mætir fyrst utan skólatíma ásamt foreldrum sínum og hittir væntanlegan umsjónarkennara. Þegar nemandi byrjar í skólanum á miðjum vetri þarf að huga að nokkrum atriðum. Umsónarkennari þarf að:
  - Afla upplýsinga frá foreldrum um nemandann almennt, námsgengi (m.a. athuganir og greiningar) félagslega stöðu, skólagöngu hingað til, heilsufar, trúarbrögð, tengsl við aðra nemendur í skólanum o.s.frv. Ef eitthvað er athugavert við heilsu nemandans skal umsjónarkennari foreldrum á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. Umsjónarkennari fylgist með því að þær upplýsingar komist til skila.
  - Gefa foreldrum kost á að koma í skólann ásamt nemandanum til að hitta sig og skoða skólahúsnæði.
  - Afhenda foreldrum og nemanda stundatöflu og ritfangalista og benda þeim á hvar frekari upplýsingar er að finna (t.d. á heimasíðu skólans).
  - Gera foreldrum grein fyrir skólastefnu og vinnuvenjum í skólanum.
  - Veita upplýsingar um almenn atriði eins og viðtalstíma, nestistíma, klæðnað í íþróttum, tilkynningar um forföll, beiðnir um leyfi o.s.frv.
  - Fara yfir skólareglur með foreldrum og nemanda.
  - Skipa nemandanum í viðeigandi hóp í sérgreinum og láta annað starfsfólk vita af nýjum nemanda.
  - Segja bekkjarfélögum frá komu nýs nemanda og virkja þá til að leiðbeina honum og auðvelda aðlögun í skólanum.
  - Sjá um í samráði við húsvörð að húsgögn séu til staðar fyrir nemandann.
  - Láta bekkjarfulltrúa fá upplýsingar um að nýir samstarfsforeldrar hafi bæst í hópinn.

2. Skipulag/framkvæmd:

Hér áfram er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd móttöku við nemendur sem hefja nám í skólanum síðar en við upphaf grunnskóla.

- Umsjónarkennari leitast við að hafa samband við heimili nýrra nemenda þegar ein til tvær vikur eru liðnar af skólatímanum. Þá gefst tækifæri til að ræða líðan nemandans og upplifun hans og foreldra af skólanum.

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Sérhver skóli skal árlega meta eigin framkvæmd á skipulagi og móttöku nýrra nemenda í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

c. Verklagsreglur vegna nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku (en gæti einnig átt við að hluta nemendur að hefja nám á Íslandi eftir að hafa búið í útlöndum alla sína ævi)

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda með sem þurfa sérstakan stuðning í íslenskunámi eftir að hafa búið í útlöndum eða hafa annað móðurmál en íslensku:

- Sú meginregla er í gangi að nemendur sem koma frá útlöndum og/eða eru með annað móðurmál en íslensku fara í sinn heimaskóla.
- Gert er ráð fyrir að nemandi sem óski eftir skólavist fái hana sem allra fyrst, eigi síðar en viku eftir að sótt er um hverfisskóla en ekki meir en tvær vikur ef sótt er um annan skóla en hverfisskóla.
- Starfsfólk grunnskóla Hafnarfjarðar á möguleika á ráðgjöf frá Kristrúnu sem fer fyrir málefnum nemenda af erlendum uppruna hjá bænum.
- Hafnarfjörður er með sérstakan upplýsingavef fyrir foreldra/aðstandendur nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku með grunnupplýsingar um grunnskólastarfið í bænum.
- Sérstök handbók er fyrir starfsfólk í grunnskólum Hafnarfjarðar sem leiðbeinir um innritun og móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Skólinn er með móttökuferli þar sem sérstaklega er tekið á móti nemanda/aðstandendum, skóli og umsjónarbekkur kynntur. Skólastarfið er undirbúið með viðtali og skoðun á skóla þar sem sóttar eru ákveðnar grunnupplýsingar um nemanda og kynnt samstarf skólans við heimilið. Þátttakendur í móttökuviðtali eru alltaf umsjónarkennari og a.m.k. einn annar fulltrúi skóla (t.d. starfs- og námsráðgjafi, deildarstjóri o.s.frv.)

    - Markmið móttökuviðtalsins er tvíþætt, annars vegar að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólann þ.á.m. um hvað nemandinn skal hafa með í skólann, hvað foreldrar þurfa að útvega t.a.m. skólatösku, pennaveski, íþróttaföt, sundföt o.s.frv. um nesti, hádegismat, frístundastarf og foreldrafélagið. Einnig um hvað skólinn útvegar s.s. nemendabækur, bókasafnsbækur, orðabækur og nemendaskápa.
    - Veita skal foreldrum upplýsingar um starfshætti skólans, skólareglur og hefðir (skólasókn, umgengni og agamál/SMT-skólafærni, klæðnað, notkun farsíma, reykingar og áfengi, útivist m.a. í frímínútum, skemmtanir í skóla- og frístundastarfi og útivistarreglur barna: www.bb.is), næringu og heilsu, samstarf skóla og skólaforeldra, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og annað íþrótta- og æskulýðsstarf í hverfinu. Einnig er mikilvægt að upplýsa foreldra um ábyrgð og skyldur foreldra í íslensku skólakerfi enda getur það verið gerólíkt því sem foreldrarnir hafa vanist. Loks skal upplýsa foreldra um viðbrögð við óveðri.

2. Skipulag/framkvæmd:

Hér áfram er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd kennslu og stuðnings við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku í skólanum. Skóli finnur nemanda bekk og undirbýr bekkjarfélaga fyrir komu hans

a. Samstarf um skipulag kennslu, aðbúnað og aðstöðu:

- Umsjónarkennari hefur umsjón með móttöku nemenda með annað móðurmál í sinn bekk og heldur utan um nám þeirra að öllu leyti (nema eitthvað annað hafi verið ákveðið í einstaka tilfellum, t.d. að sérkennari hafi þá ábyrgð).
- Við íslenskunám skal huga að áherslum aðalnámskrár grunnskóla (2013, bls. 106-108) um „íslensku sem annað tungumál" þar sem allir kennarar sem kenna nemanda bera ábyrgð en ekki bara umsjónarkennari eða íslenskukennari.
- Aðstaða og aðbúnaður til íslenskukennslu þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku er í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta tölvur og tölvuforrit til náms.

b. Notkun hjálpartækja og stuðningur til félagslegrar virkni og þátttöku:

- Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk til náms. Hér getur verið um að ræða tölvur og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit og fl.
- Í öllu skólastarfi er miðað að því að nemandi með annað móðurmál en íslensku geti tekið þátt í félagsstarfi í skólanum líkt og aðrir nemendur árgangs/bekkjar.

c. Einstaklingsnámskrá, kennsluhættir og námsmat:

- Nemandi með annað móðurmál en íslensku fær sérstuðning í íslenskunámi í samræmi við reglur bæjarins. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni þar sem tekið er mið af námsstöðu nemanda. Kennslan getur farið fram með eða án stuðnings í almennum bekk, sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingskennslu utan bekkjar.
- Í einhverjum tilvikum getur nemandi með annað móðurmál en íslensku fengið undanþágu frá kennslu í sumum námsgreinum. Slíkar undanþágur eru unnar í samræmi við undanþágureglur í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 75-79, sérstaklega kafla 18.8 á bls. 78-79).

d. Hlutverk umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila:

- Deildarstjóri sérkennslu skal meta þörf er á sérstöku samráði vegna kennslu einstakra nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku og setja þá á laggirnar teymi ef slíkt á við, þ.e. ef íslenskunámið gengur verr en ætla mætti. Fyrir teymisfundi foreldrafundi, með fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla (sjá sér snið sérfræðiþjónustu um þær). Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar).

e. Samstarf við foreldra:

- Samstarf við foreldra eru hefðbundin foreldraviðtöl, samskipti gegnum námsumsjónarkerfi, með tölvupósti auk samstarfsfunda eftir þörfum og/eða áætlunum sem gerðar eru. Það er gert ráð fyrir að skóli nýti sér alltaf túlkaþjónustu í foreldraviðtölum þar sem foreldrar skilja ekki íslensku.
- Fyrir túlkaða foreldrafundi, með fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla (sjá sér snið sérfræðiþjónustu um þær). Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar).

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Reglulega fari fram mat á árangri einstakra nemenda í íslenskunámi sínu og skólagöngu.
- Árlega skal meta eigin framkvæmd á skipulagi og kennslu nemenda með sérþarfir í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

d. Verklagsreglur vegna nemenda sem hafa sérþarfir.

1. Undirbúningur:

Almennt um undirbúning að námi nemenda með sérþarfir:

- Stefnt er að því að um alla nemendur sem hafa ljósar skilgreindar sérþarfir áður en hann hefur nám í skólanum fái skóli vitneskju um slíkt áður en skólaganga hefst. Sú frumskylda hvílir á foreldrum að kynna slíkt eins og við á.
- Milli leik- og grunnskóla í Hafnarfirði er í gangi sérstakt samstarf þar sem leikskóli miðlar til grunnskóla öllum þeim upplýsingum sem þeir hafa um einstaka nemendur sem hafa sérþarfir áður en grunnskólagangan hefst.

2. Skipulag/framkvæmd:

Hér áfram er lýst nokkrum megináherslum í skipulagi og framkvæmd sérkennslu og stuðnings við nemendur með sérþarfir eins og það er innan skóla með sérúrræði fyrir nemendur skólans en gilda ekki um sérdeildir innan skólans (ef slíkt á við) og eru fyrir nemendur hvaðanæva úr bænum (sjá reglur um sérdeildir þar um).

a. Samstarf um skipulag kennslu, aðbúnað og aðstöðu:

- Deildarstjóri stoðþjónustu hefur umsjón með móttöku nemenda með sérþarfir í skólann. Umsjónakennari og sérkennari bera ábyrgð á samstarfi við sérkennara og foreldra.
- Aðstaða og aðbúnaður til sérkennslu er í samræmi við lög og reglugerðir. Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta tölvur og tölvuforrit til náms.

b. Notkun hjálpartækja og stuðningur til félagslegrar virkni og þátttöku:

- Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk til náms. Hér getur verið um að ræða tölvur og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit og fl.
- Deildarstjóri stoðþjónustu hefur forystu um samstarf er við félagsmiðstöðina í skólanum og fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um félagsstarf fyrir nemendur með sérþarfir. Deildarstjóri félagsmiðstöðvarinnar kynnir nemendur með sérþarfir fyrir starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar og leiðbeinir þeim varðandi sérþarfir nemenda. Leitast skal samt við að allir nemendur skólans í markhópi félagsmiðstöðvarinnar geti sótt félagsstarf þangað. Sérstakt félagsstarf fyrir nemendur með sérþarfir getur verið upphaf og aðlögun að almenna starfinu. Í vettvangsferðum og lengri ferðum, s.s. ferðum í skólabúðir, er sérstaklega gætt að því að allir nemendur viðkomandi árgangs geti tekið þátt.

c. Einstaklingsnámskrá, kennsluhættir og námsmat:

- Nemandi með skilgreindar sérþarfir skal hafa einstaklingsnámskrá að hluta eða öllu leyti eftir faglegu mati skóla. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár þar sem tekið er mið af þroska viðkomandi nemenda, óskum foreldra og mati starfsmanna á hverjum tíma (sjá gátlista þar um). Í einstaklingsnámskrá skal tiltekið um hæfniviðmið/námsmarkmið, námsaðstæður, námsefni, námsmat og aðrar aðstæður í skólanum s.s. frímínútur og matartíma. Kennslan getur farið fram með eða án stuðnings í almennum bekk, sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingskennslu utan bekkjar. Námsmat er til þess að fylgjast með hvernig nemanda tekst að mæta markmiðum einstaklingsnámskrár og örva nemendur til framfara. Nemendur með sérþarfir fá vitnisburð birtan með svipuðum hætti og aðrir nemendur skólans í samræmi við einstaklingsnámskrána.

d. Hlutverk umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila:

- Í meginatriðum byggir kennsla nemenda með sérþarfir á samráði og teymisvinnu undir stjórn skóla. Mikilvægir samstarfsaðilar um nám nemenda með sérþarfir eru starfsfólk sérfræðiþjónustu, starfsfólk félagskerfis (t.d. starfsfólk barnaverndar og Barnaverndarstofu) og starfsfólk heilbrigðiskerfis (t.d. starfsfólk GRR, BUGL, ÞHH) eftir því sem við á hverju sinni. Deildarstjóri annast stjórnun í þeim teymum sem eru mynduð vegna nemenda með sérþarfir.

e. Samstarf við foreldra:

- Samstarf við foreldra utan teyma eru hefðbundin foreldraviðtöl, samskipti gegnum námsumsjónarkerfi, með tölvupósti auk samstarfsfunda eftir þörfum og/eða áætlunum sem gerðar eru.
- Fyrir alla teymisfundi sem haldnir eru með foreldrum, og fagaðilum eftir atvikum, skulu haldnar fundargerðir í skóla (sjá sér snið sérfræðiþjónustu um þær). Fundargerðir skulu varðveittar líkt og önnur trúnaðargögn um nemendur (sjá sér reglur um trúnaðargögn í grunnskólum Hafnarfjarðar).

3. Mat

Mat felur í sér faglega úrvinnslu á eigin starfsemi í þeim tilgangi að þróa fagmennsku í stofnanalegu samhengi til að svara fyrir ábyrgð sína á opinberu verkefni í samræmi við opinbert regluverk.

- Reglulega fari fram mat á árangri einstakra nemenda í námi sínu og skólagöngu. Það mat skal koma fram í endurskoðun einstaklingsnámskráa eftir því sem við á.
- Sérhver skóli skal árlega meta eigin framkvæmd á skipulagi og kennslu nemenda með sérþarfir í þeim tilgangi að leita stöðugt leiða til að gera betur. Það mat skal vera hluti af innra mati skóla.

85. Náms- og kennsluáætlanir

Áætlanir um nám og kennslu í grunnskólum

Námsáætlun er hér skilgreind sem áætlun um það nám sem gert er ráð fyrir að fram fari í einstaka námsgreinum í hverjum árgangi/bekk á einu skólaári. Sú námsáætlun kemur fram í skólanámskrá hvers skóla, er eiginlega skólanámskráin (svo „námskrá“ hefur hér merkinguna sem „áætlun um nám“). Námsáætlanir skiptast þannig eftir námssviðum sem eru skilgreind níu í aðalnámskrá. Eitt námssviðið, lykilhæfni, hefur engar kennslustundir skilgreind sem námsgrein því kennsla hennar skal fara fram í öðrum námssviðum. Hin námssviðin átta eru íslenska, erlend tungumál, list- og verkgreinar, náttúrugreinar, samfélagsgreinar, skólaíþróttir, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt. Innan hvers námssviðs eru mismargar námsgreinar, sumar skilgreindar í aðalnámskrá (t.d. undir námssviðið skólaíþróttir eru tvær námsgreinar, íþróttir og sund) en aðrar ekki (t.d. fyrir námssviðið samfélagsgreinar eru ekki skilgreindar neinar ákveðnar námsgreinar í aðalnámskrá). Viðmiðunarstundaskrá hvers skóla skilgreinir síðan fjölda kennslustunda á hverri námsgrein út frá þeim viðmiðunum sem gefnar eru í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 51-53). Skólanámskrá hvers skóla skal endurspegla það nám sem stefnt er að fari fram í skólanum og stýrir kennslu í skólanum. Starfsáætlun kynnir svo það skipulag sem er í kringum námið. Skólanámskrá fer í staðfestingarferli hjá skólanefnd sveitarfélags með milli komu í skólaráði skólans. Það er sameiginleg stefna í grunnskólum Hafnarfjarðar um uppbyggingu skólanámskráa.

Skólanámskrá fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar lýtur ákveðnu sniði sem leitast við að fylgja kröfum nýrrar aðalnámskrár. Þannig leggur ný aðalnámskrá áherslu á grunnþátt í námi út frá hæfni (þekking + leikni + viðhorf) og hæfniviðmið (þekking + leikni + hæfni). Jafnframt er mikilvægt að kynna viðfangsefni í námi, kennsluaðferðir og námsmat. Þessir áhersluþættir þurfa síðan að birtast sér fyrir einstök námssvið, líkt og aðalnámskrá kynnir, og með einstökum námsgreinum

Kennsluáætlun er hér skilgreind sem útfærsla á námi í einstökum námsgreinum grunnskólans sem útfærir námið í nánari viðfangsefni sem hafa tímalega afmörkun með viðeigandi námsaðgerðum hjá nemanda (sem geta t.d. verið verkefnavinna, heimanám og skilafrestir). Kennsluáætlanir geta því verið margar í sömu námsgrein á einu skólaári (skipt eftir viku/mánuði/námsönn) og eru aðeins birtar nemendum og aðstandendum þeirra. Miðlun kennsluáætlana getur verið mismunandi eftir skólum og/eða námshópum, t.d. á pappír og/eða á rafrænan hátt í gegnum námsumsjónarkerfi skóla (dæmi um slíkt eru Mentor, Námfús og Moodle). Gert er ráð fyrir að í námsáætlunum berist skýr skilaboð til nemenda um vinnuframlag hans út frá markmiðum í náminu og hvaða hæfni sé verið að leitast við að ná í sérhverju viðfangsefni sem kennsluáætlanir kynna. Kennsluáætlanir lúta ekki sameiginlegu sniði í grunnskólum Hafnarfjarðar og geta jafnvel verið ólíkar að uppbyggingu eftir einstaka námsgreinum og aldursárum grunnskólans milli skóla og innan þeirra sömuleiðis. Skipulag um notkun kennsluáætlana er í höndum hvers skóla.

86. Tilfærsluáætlun

Áætlun um tilfærslu nemenda með sérþarfir úr grunnskóla í framhaldsskóla.

Kynning

Markmið tilfærsluáætlunar er að undirbúa val á og yfirfærslu í framhaldsskóla samanber 17. grein reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 584/2010, á grundvelli 17. greinar laga um grunnskóla (2008):

> 17. grein: ***Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun***.
> Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Enn fremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

Tilfærsluáætlun er útbúin fyrir þá nemendur sem grunnskóli og foreldrar meta að þurfi sérúrræði í framhaldsskóla. Til greina koma allir nemendur í sérdeildum/sérúrræðum við grunnskóla Hafnarfjarðar og aðrir nemendur skólanna eftir atvikum. Til staðar þarf að vera greining sérfræðings um alvarleg frávik í þroska og námi. Umsjónarkennari, deildarstjóri / fagstjóri sérkennslu ásamt deildarstjóra unglingastigs og/eða náms- og starfsráðgjafi koma að undirbúningi og ákvörðun um tilfærsluáætlun fyrir einstaka nemendur. Í hverju tilviki þarf að tiltaka hver ber ábyrgð á gerð og framkvæmd tilfærsluáætlunar.

Almennur tímarammi fyrir tilfærsluáætlun einstakra nemenda:

9. bekkur:

Mánuður	**Ákvarðanir**
apríl	Fundað í skóla og farið yfir fyrir hvaða nemendur gera þarf tilfærsluáætlun. Settur ábyrgðaraðili fyrir hvern nemanda.
maí	Fundað með foreldrum og farið yfir drög að áætlun. Markmið að fá fram hugmyndir og óskir foreldra. Yfirfara greiningarmál og stöðu nemenda. Hafa meðal annars eftirfarandi í huga: - Er þörf á nýrri greiningu? - Hverjar eru hugmyndir nemanda / foreldra um framhaldsnám? - Hver er sjálfsmynd nemanda?

10. bekkur:

Mánuður	**Ákvarðanir**
ágúst	Tilfærsluáætlun samin. Í henni skulu vera upplýsingar um skólagöngu, núverandi aðstæður og stöðu nemandans og áform hans um frekara nám. Enn fremur aðrar upplýsingar sem geta skipt máli varðandi nám sem gæti hentað nemandanum í framhaldsskóla. Hér má gjarnan vísa til röksemda úr einstaklingsnámskrám og greiningum. Fundur með nemanda og foreldrum. Tilfærsluáætlun staðfest af skóla og foreldrum með undirskrift. Gengið frá tilvísun vegna greininga ef þarf.
september	Greiningarvinna hefst. Möguleikar í framhaldsskólum kannaðir.
október	Fundur með foreldrum og nemanda. Möguleikar í framhaldsskólum kynntir. Ákvörðun tekin um heimsóknir í framhaldsskóla. Heimsóknir hefjast í framhaldsskóla.

nóvember	Greiningarvinnu lýkur.
desember	Heimsóknum í framhaldsskóla lýkur.
febrúar	Foreldrar ganga frá umsókn um almenna braut eða sérúrræði í framhaldsskóla.
júní	Nemandi útskrifaður úr grunnskóla og fær nauðsynlegt námsmat fyrir framhaldsskólanám.

VIÐAUKI: Sjá sérstakt eyðublað tilfærsluáætlunar einstakra nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar. *Vefkrækjan*.